

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

## Einelti

Birtingarmyndir eineltis á Íslandi

Björn Benedikt Benediktsson

Lokaverkefni

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

## Einelti

Birtingarmyndir eineltis á Íslandi

Björn Benedikt Benediktsson  
Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild  
Leiðsögukennari  
Kjartan Ólafsson

## Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Björn Benedikt Benediktsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Kjartan Ólafsson

## Útdráttur

Einelti hefur alvarlegar afleiðingar bæði fyrir gerendur og þolendur. Í þessari ritgerð verður leitað svara við því hvert er umfang eineltis á Íslandi, hverjar eru orsakir þess og hverjar afleiðingarnar eru bæði fyrir gerendur og þolendur. Einnig verður litið á aðferðir til að bregðast við einelti og þá sérstaklega horft til Olweusáætlunarinnar sem notast hefur verið við í mörgum skólum og að því er virðist með ágætum árangri. Á sama tíma er hins vegar skýr vísbending um að Olweusáætlunin ein og sér sé ekki nægjanleg til að koma algerlega í veg fyrir einelti. Þar getur til dæmis komið til sú áhersla sem þar er lögð á hlutverk foreldra sem ekki eru alltaf í stakk búin eða hæf til til að sinna sínu hlutverki. Einnig gæti skipt máli að einelti kemur fram með ýmsum hætti og í ýmsum myndum og er ekki nema að hluta til bundið við skólann. Til þess að meta umfang eineltis eru gerðar rannsóknir á vegum Olweus áætlunarinnar með reglulegu millibili sem hafa gefið góða mynd af eineltismálum á Íslandi. Áhugavert er einnig að skoða muninn á einelti og venjulegri stríðni og líta um leið á nýja tegund eineltis sem virðist vera að færast í aukana, sem er rafrænt einelti. Gerendur í eineltismálum hafa í gegnum tíðina orðið undir í allri umfjöllun um einelti. Þegar skoðað er betur hver hinn raunverulegi gerandi sé og hverjar ástæður hans eru til að leggja í einelti er greinilega hægt að sjá að hegðun gerenda er oft á tíðum mörkuð af tilfinningaleysi í garð þolenda og jafnvel skorti á greind til að vita hvað sé rétt og rangt. Gerendur virðast einnig skorta jákvætt viðhorf gagnvart félagslegum athöfnum og eiga það til að mistúlka jafningja samskipti og bregðast við á ofbeldisfullan hátt. Það virðist einnig líklegra að gerendur komi frá fjölskylduáðstæðum sem einkennast af köldu viðmóti, tilfinningaleysi og ofbeldi. Þeir foreldrar sem sýna andfélagslega hegðun eru líklegri að ala af sér ofbeldisfull börn.

## Abstract

Bullying has serious consequences for bullies and bully-victims. In this essay the answer for bullying manifestation in Iceland will be searched for, what are the causes and what are the consequences for bullies and the victim. Also we take a look at the approach to bullying-prevention and particularly in light of the Olweus bullying-prevention program which has been used by many schools with good results. In the mean time it is clear that the Olweus bullying-prevention program is not enough to fully conquer bullying. For example, the role of parents can be ignored by them or they not qualified to handle their roles. Also, the many types and manifestation of bullying can be influenced, and bullying is not solely on the schoolground. To evaluate the manifestation of bullying, researches are done regularly with the Olweus bullying-prevention program which has given the status of bullying in Iceland a good image. It is interesting to see the difference between bullying and regular teasing as well as take a look at a new kind of bullying, called cyber bullying. In the past, bullies have been ignored in the bully discussion. When we take a look at who the real bully is and what his reasons are it can be seen that the actions of the bully is marked by lack of motions and intelligence of what's right and wrong. They seem to lack a positive attitude towards social interactions and misjudge peer interactions as a threat. It seems that bullies are more likely to come from violent homes and cold attitude from parents. Parents who show anti-social behaviour are more likely too raise violent children.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Umfang og afleiðingar eineltis.....	3
3. Hvað er einelti? .....	6
4. Birtingarmyndir eineltis .....	8
4.1 Beint einelti .....	8
4.2 Óbeint einelti .....	9
4.3 Hópsamspil.....	10
4.4 Rafrænt einelti .....	11
4.5 Munurinn á einelti og stríðni.....	13
5. Hættusvæði .....	16
6. Þolendur .....	18
7. Hverjir eru gerendur?.....	20
7.1 Hvers vegna leggja nemendur í einelti? .....	21
7.2 Fjölskylduaðstæður gerenda.....	24
7.3 Áhorfendur .....	26
8. Olweusáætlunin.....	28
8.1 Upphaf.....	28
8.2 Markmið.....	28
8.3 Ferli til árangurs .....	29
9. Árangur Olweusáætlunar .....	31
10. Hlutverk kennara .....	33
Lokaorð .....	35
Heimildaskrá .....	37

## 1. Inngangur

Það var verið að stríða mér með því að ég væri með stór eyru. Ég var mjög orkumikill krakki og var oft að leika og fíflast. Ég stóð kannski á skólaganginum og söng hátt og það fór mikið fyrir mér. Afleiðingin var sú að mér var ekki boðið í afmæli eða bekkjarpartí. Eldri nemendur lokuðu mig niðri í öskutunnu eða berstrípuðu mig á bókasafninu. Ég bara hló og gerði grín að öllu saman. En auðvitað leið mér alveg rosalega illa.

Til þess að reyna að falla inn í hópinn tók ég sjálfur þátt í því að leggja aðra í einelti. Það var ekki fyrr en ég var kominn í leiklistarskólann og var farinn að skoða sjálfan mig að innan að ég áttaði mig á að ég hafði farið á mis við ákveðinn tilfinningalegan þroska. Ég held að við mannfólkið gerum allt of lítið af að reyna að komast að því hver við erum í raun og veru. Hvað við kunnum og getum. Við þurfum líka að læra að bera virðingu fyrir okkur sjálfum.

(Enn gegn einelti, 2002)

Svona lýsir Stefán Karl Stefánsson leikari reynslu sinni af einelti í viðtali í *Morgunblaðinu* 11. október 2002. Í viðtalinu lýsir hann annars vegar þeirri vanlíðan sem hann upplifði vegna eineltisins og ofbeldinu sem hann þurfti að líða en viðurkennir líka að hafa sjálfur tekið þátt í að leggja aðra í einelti.

Í þessari ritgerð verða afleiðingum og umfangi eineltis gerð skil, greint verður frá hinum ýmsu birtingarmyndum eineltis og hvað það er sem einkennir gerendur í eineltismálum. Gerendur hafa í gegnum tíðina orðið útundan í umræðunni um einelti og mál þolenda haft forgang. Með því að skyggjast inn í heim gerenda er hægt að fá betri mynd af því hver hinn raunverulegi gerandi er, hvað veldur því að hann leggur í einelti og einnig verður litið á þær aðstæður sem eru til staðar heima hjá gerendum.

Að endingu verður fjallað um eineltisáætlun Olweusar og litið á árangur hennar bæði á Íslandi og annars staðar. Markmið áætlunarinnar er að draga úr einelti og Stefán bendir einmitt á mikilvægi þess að reyna forða börnum frá því að lenda í einelti í fyrirlesturum sínum. Augljóst er að þrotlaus og jafnvel endalaus vinna er fyrir höndum í eineltismálum um allan heim hjá foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum. Hér á eftir verður kannað hver staða eineltisáætlunar Olweusar er. Ekki má gleyma mikilvægi kennarans í eineltismálum og ábyrgðinni sem hann ber í samskiptum sínum við börn og því verða hlutverki kennarans gerð góð skil í lok ritgerðar.

## 2. Umfang og afleiðingar eineltis

Einelti getur haft áhrif á fjölda nemenda og fjölskyldna og leggur gjarnan grundvöll að sálrænum, líkamlegum og geðrænum kvillum síðar meir. Í yfirlitsgrein Gini og Pozzoli (2009, 1060), þar sem farið var yfir niðurstöður 11 fyrirliggjandi rannsókna sem gerðar höfðu verið í ýmsum löndum til ársins 2008, var tilgangurinn sá að finna sambandið milli þátttöku í einelti og þeirra sálrænu kvilla sem upp koma meðal grunnskólabarna. Kom það fram að á bilinu 20 til 30% barna höfðu orðið fyrir eða tekið þátt í einelti. Þessi börn eru um leið líklegri að þróa með sér ýmsa námserfiðleika og kvilla í kjölfarið. Rúmlega 152 þúsund börn tóku þátt í rannsóknunum 11 og kynjaskipting var nokkuð jöfn. Hollensk rannsókn sem kannaði 1118 hollensk börn árið 2006 sýndi greinilega fram á það að þau börn sem verða fyrir einelti í byrjun skólaárs sýndu meiri líkur þess að þróa með sér sálræna kvilla í enda skólaárs (Fekkes, 2006 sjá Gini og Pozzoli, 2009, 1064).

Einnig kom það fram hjá Gini og Pozzoli (2009, 1064) að þau börn sem taka þátt í einelti eru líklegri til þess að glíma við geðræn vandmál, slæm félagstengsl við bekkjarfélaga og heilsubresti svo sem magaverk, hausverk og fleira. Þegar litið er á gerendur og þolendur þá sýna þolendur frekar einkenni um lágt sjálfsálit, depurð, þunglyndi og kvíðaeinkenni. Gerendur sýna hins vegar frekar hegðunarvandamál, slæmt viðhorf til skóla og tilhneigingu til að byrja að drekka og misnota fíkniefni. Svipaða sögu má sjá í yfirlitsgrein Due o.fl. (2005, 128) þar sem skoðaðar voru rannsóknir frá 28 löndum. Rúmlega 123 þúsund nemendur frá 11.–15. ára tóku þátt í rannsóknunum. Sú yfirlitsgrein sýndi einnig fram á að einelti sé oft kveikjan að því að börn þrói með sér ýmsa sálræna kvilla. Einnig kom í ljós að algengi og tegundir einkenna er mjög háð menningu og hefð hvers lands. Í rannsóknunum virðist Svíþjóð vera með minnsta algengi eineltis eða 5,1% en í Litháen er hæðsta algengi eineltis eða 38,2%. Þó svo að munur sé á þeim einkennum sem börn sýna virðist ekki vera teljanlegur kynjamunur og eru drengir og stúlkur jafn líkleg að tilkynna einelti þó að um svo ólíka menningaheima sé að ræða. Kostur yfirlitsgreinar Due o.fl. er sá að töluverður fjölbreytileiki er í menningu landanna sem tóku þátt í rannsókninni og betri heildarmynd er hægt að fá á eineltinu.

Í einstaka tilvikum getur einelti leitt af svo djúpstæða vanlíðan að börn grípa til þess örprifaráðs að binda enda á sitt eigið líf (Ekkert einhlítt svar til, 2011). Þegar slíkar fréttir heyrast fer mikil umræða af stað og fólk spyr sig gjarnan hvað hafi farið úrskeiðis. Hvað yfirsást skólayfirvöldum? Hvað gerðu kennarar í málinu? Af hverju var ekki gripið inn í fyrr?

Sem betur fer koma afleiðingar eineltis sjaldnast fram með svo hörmulegum og afgerandi hætti en rannsóknir sýna samt að einelti hefur alvarlegar afleiðingar bæði til lengri og skemmri tíma og jafnt fyrir þolendur sem gerendur.

Einelti getur einnig haft áhrif á námsárangur og valdið skólaleiða. Ef eineltið stendur yfir í langan tíma getur þolandinn þjáðst af streitu og önnur vandamál komið upp á yfirborðið. Nemendur sem verða fyrir einelti eru líklegri til þess að tilkynna sig veika en þeir sem ekki lenda í einelti. Hægt er að ganga út frá því að börn séu hrædd við að fara í skólann vegna eineltisins. Óvíst er þó hvort einkennin eru orsök eða afleiðing af eineltinu sjálfu en eineltið virðist skapa og valda meiri einkennum hjá þeim sem lenda í því en þeim sem gera það ekki (Regnbogabörn, e.d.).

Þolendur í einelti eru líklegri til þess að verða þunglyndir og byrja að misnota lyf en gerendur. Svo virðist sem þolendur finni fyrir langtímaáhrifum eineltis alveg fram á fullorðinsaldur og þegar á þann aldur er komið eru áhrifin gjarnan slakt sjálfsálit og erfitt samband við fjölskyldu og vini (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 316-317, Due o.fl., 2005, 130). Vanderbilt og Augustyn (2010) skoða í rannsókn sinni áhrif eineltis á börn til langs tíma litið. Þar kemur í ljós að þau börn sem taka þátt í einelti, hvort sem þau eru gerendur, þolendur eða áhorfendur, eiga í meiri hættu á því að eiga í erfiðleikum með að aðlagast tilfinninga- og félagslega. Einnig virðast þessi börn glíma meira við heilsuleysi svo sem hausverk og magapínu. Líkurnar á því að barn greinist með geðræn vandamál á yngri árum eru meiri ef það er gerandi og/eða þolandi eineltis (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 315–320). Það er því óumflýjanlegt að gera þá kröfu til skólayfirvalda og starfsmanna skóla að þeir búi yfir þekkingu á einelti, einkennum og afleiðingum þess. Mikilvægt er fyrir alla kennara að þekkja afleiðingar eineltis og vera vel að sér í einkennum þess því stundum getur verið of seint að grípa inn í eins kom fram hér framar.

Einelti í grunnskóla og á meðal grunnskólabarna hefur fylgt mannkyninu í langan tíma. Það var þó ekki fyrr en upp úr 1970 sem Svíinn Dan Olweus varð einna fyrstur til þess að reyna koma í veg fyrir einelti á kerfisbundinn hátt. Það ár hóf hann rannsóknarvinnu sína í eineltismálum og tíu árum seinna hrinti hann af stað mótun eineltisáætlunar sem átti eftir að njóta vinsælda í mörgum löndum (Clemson University, 2003). Í umfangsmikilli eineltisrannsókn sem Olweus framkvæmdi á landsvísu í Noregi árið 1985 kom fram að 15% nemenda í grunnskólum höfðu tekið þátt í einelti sem gerendur eða þolendur „öðru hvoru“ eða oftár, nánar tiltekið um 9% sem gerendur og 7% sem þolendur (Olweus, 1993, 13).

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála framkvæmdi á árunum 1998–1999 rannsókn á umfangi eineltis í íslenskum grunnskólum fyrir Menntamálaráðuneytið.



Spurningalisti var lagður fyrir 2000 grunnskólabörn í 5., 7. og 9. bekk. Tilgangur rannsóknarinnar var annars vegar að þróa ítarlegan spurningalista um einelti sem nota mætti við mælingar í íslenskum skólum og hins vegar að leggja spurningalistann fyrir stórt úrtak barna og unglinga til að fá yfirlit um eðli og umfang eineltis á Íslandi á miðstigi grunnskólans. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að 13,4 % nemenda í 5. bekk sögðust hafa verið þolendur eineltis stundum eða oft. Talan virðist lækka þegar komið er á efri skólastig en um 6,9 % nemenda í 7. bekk sögðust hafa lent í klóm geranda og einungis um 3,3 % nemenda í 9. bekk. Þegar skoðaðar eru tölur um gerendur virðist talan aftur á móti hækka eftir aldri. 4,6 % nemenda í 5. bekk sögðust hafa lagt aðra í einelti stundum eða oft. 5,6 % nemenda sögðust sögðust hafa lagt annan í einelti í 9. bekk (Námsmatstofnun, e.d.). Þetta ósamræmi sem er að því er virðist milli hlutfalls þolenda og gerenda eftir aldri gæti mögulega skýrst af því að gerendur í eineltismálum séu eldri einnig. Heildarhlutfall einelti er einnig mælt reglulega. Á Íslandi eru gerðar með reglulegu millibili rannsóknir á tíðni eineltis. Hvort sem þær eru á vegum Olweusáætlunar eða ekki þá virðist tíðni eineltis vera svipað öðrum löndum. Í Olweuskönnun frá 2002 var heildarhlutfall eineltis 9,9%, árið 2003 var það 6,6%, 2007 var það 8,4%, 2008 var það 8,2 % en árið 2009 var það komið niður í 7,7% (Gegn einelti, e.d. a).

Þegar börn eldast virðast þau verða tregari við að láta vita af því að þau séu lögð í einelti og ekki er sjálfgefið að börn segi foreldrum sínum frá eineltinu. Einnig virðist vera sem drengir og stúlkur líti öðruvísi á eineltið og það sem drengir sjá sem stríðni og kjánaskap geta stúlkur litið á sem ofbeldi (Connolly, o.fl., 2001, 335; Scheithauser, o.fl., 2006, 271). Ástæða þess getur verið að börn kunni ekki skil á því hvort um stríðni eða einelti sé að ræða og börnin séu jafnvel búin að setta sig við þetta athæfi (Sólveig Dröfn Davíðsdóttir, e.d). Önnur hugsanleg ástæða er sú að drengir og stúlkur séu tregari við að láta vita af eineltinu eða virðast tregari við að flokka atferlið sem þau lenda í undir einelti. Þegar litið er á hlutfallið milli ára 2002 og 2003 má sjá mikla breytingu. Það má greinilega sjá að árangurinn sem næst með innleiðingu Olweusáætlunarinnar á fyrsta árinu sé mestur vegna þess að áætlunin tekur ekki á öllum þáttum eineltisins.

### 3. Hvað er einelti?

Enska orðið yfir einelti er *bullying* (Olweus, 1993, 8). Á Norðurlöndunum er það nefnt *mobbing* (í Noregi og Danmörku) eða *mobbing* (í Svíþjóð og Finnlandi). Það er dregið af orðinu *mob* sem táknar fjölda eða hóp. Það er að sumu leyti villandi því ekki er alltaf um hóp eða fjölda að ræða þegar einelti á sér stað heldur getur það líka verið einn á einn. Íslenska orðið einelti er gott og lýsandi orð yfir það sem það táknar. Stundum er notast við orðasambandið „að vera tekin/nn fyrir“ en það er einnig mjög lýsandi fyrir það sem um er að ræða (Guðjón Ólafsson, 1996, 11).

Öll höfum við okkar eigin hugmynd um hvað einelti er og hvernig það fer fram. Þrátt fyrir það geta ekki allir greint það og skilið það frá ærslafullum leik eða fullkomnlega greint það þegar það á sér stað. Samkvæmt Íslenskri orðabók er orðið *einelti* skilgreint sem stöðugar ofsóknir gagnvart einhverjum. Frá sjónarhorni uppeldis- og skólamanna er fyrirbærið skilgreint sem endurtekin áreitni, stríðni og ofbeldi sem nemandi verður fyrir frá félögum sínum (*Íslensk orðabók*, 2002, 263). Tatum (1989 sjá Lee, 2003, 78) segir að einelti sé einfaldlega hin meðvitaða og vísvitandi þörf til þess að meiða aðra manneskju og setja hana undir álag. Upphaflega skilgreindi Olweus (1978 sjá Smith o.fl., 2002, 1119) einelti á þann hátt að gerandi væri barn, oftast strákur, sem þvingaði eða áreitti annan einstakling, strák eða stelpu, með líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi. Heinemann (1972 sjá Smith o.fl. 2002, 1119) skilgreindi einelti sem ofbeldi sem beindist að einstaklingi, beitt af hóp án fyrirvara. Þetta er ofbeldi sem getur einnig horfið fyrirvaralaust og byrjað að sama skapi aftur án fyrirvara.

Einelti er enn fremur skilgreint sem líkamleg og/eða andleg píning á veikara barni af einum aðila eða fleirum í lengri tíma (Guðjón Ólafsson, 1996, 11; Olweus, 1993 sjá Gini og Pozzoli, 2009, 1059), sem og endurtekið áreiti eða viðstöðulaus valdbeiting sem gerð er af einstakling/um gegn vilja þeirra sem við á. Oft er talað um að einelti sé aukategund af ofbeldi, þar sem hópar eða einstaklingar ráðast á annan einstakling, niðurlægja, og/eða útiloka hann vegna valdamisvægis. Þetta á við um allar munnlegar, sálfræðilegar og líkamlegar aðgerðir (Regnbogabörn, e.d.). Allar þessar skilgreiningar á einelti eiga þó sameiginlegt að vísa til neikvæðrar hegðunar sem beinist að ákveðnum aðila eða aðilum.

Í skóla eða á vinnustað þar sem mikið er um einelti er líklegt að einnig sé nokkuð um önnur vandamál. Þessi vandamál geta verið árekstrar í samskiptum einstaklinga og/eða hópa sem og vanlíðan. Rétt er að undirstrika að einelti tíðkast einnig meðal fullorðinna en á sér ekki einungis stað meðal barna og unglinga (Guðjón Ólafsson, 1996, 8) og einnig ber að

forðast að skilgreina allan munnlegan ágreining eða samskiptaörðuleika sem einelti eins og fram kemur seinna.

Oft og tíðum er umræðan um einelti einungis tengt börnum í skóla en einelti þrífst á fleiri stöðum en þar. Í reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum (2004) er einelti skilgreint sem:

Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið.

(Vinnueftirlitið, 2004)

#### 4. Birtingarmyndir eineltis

Þar sem einelti getur verið á margs konar hátt og oft ekki sýnilegt verður kennari alltaf að vera á varðbergi gagnvart öllu því sem kann að hafa slæm áhrif á börnin. Einelti er eitt af því allra versta sem barn getur lent í og því þarf kennarinn að þekkja helstu tegundir þess og vita réttu aðferðirnar að taka á því. Eftirfarandi hegðun hjá börnum er hægt er að flokka sem einelti: lygasögur til að koma fórnarlambinu í vandræði, kynþáttafordómar, hæðst er að nemanda vegna útlits, fötlunar eða þyngdar, uppnefni og baktal, útilokanir úr leikjum og verkefnum í skólanum, hæðst er að nemanda sem tekur því illa, eyðilegging á eigum og skóladóti, SMS-skeyti og netpóstur sendur með illu yfirbragði og að lokum líkamlegt ofbeldi, spörk og fleira (Regnbogabörn, e.d.).

Það sem einkennir einelti er árásárhneigð eða illt atferli, endurtekning þessa illa atferlis og ójafnvægi milli afls og valda í samskiptum (Olweus, 2005, 28). Einelti getur einnig tekið á sig ýmsar gerðir. Það geta verið líkamlegar meiðingar eins og þegar einstaklingi er hrint, hann barinn eða sleginn og getur einnig innifalið vopn af ýmsu tagi, svo sem hnífa eða spýtur. Einelti getur einnig verið munnlegar meiðingar og andlegt ofbeldi eins og þegar stelpu er neitað að fá að vera með í vinahópnum vegna þess að hópnum finnst hún vera skítug (Elliott, 1992, 9).

##### *4.1 Beint einelti*

Hinum ýmsu gerðum eineltis er gjarnan skipt í tvo hópa sem eru óbeint og beint einelti. Um beint einelti er að ræða þegar augljósar árásir eru gerðar á þolanda (Olweus, 2005, 28). Líkamleg pínung og munnlegar athafnir eru sjáanlegar og þær láttnar bitna á viðkomandi, fjölskyldu hans eða nákomnum. Hér er oftast en ekki verið að tala um stanslausar endurtekningar, áníðslu og niðrandi orðalag svo allir heyri (Guðjón Ólafsson, 1996, 13). Björkqvist o.fl. (1992 sjá Scheithauser o.fl. 2006, 262) héldu því fram að beint einelti væri mest á yngri árum. Þeir segja að líkamlegar meiðingar séu algengar þegar börn geta ekki tjáð sig nógu vel með orðum en þegar börn verða eldri og þróa með sér vandaðri orðaforða eru þau líklegri til þess að nota munnlegar niðurlægingar til að ná yfirhöndinni yfir þolandanum.

Margar rannsóknir hafa verið gerðar á hegðun barna og unglunga og þegar litið er á rannsóknir síðustu ára og munurinn á stúlkum og drengjum er skoðaður er greinilegt að ungir drengir eru mun líklegri til þess að taka þátt í beinu einelti og beita líkamlegu ofbeldi en stúlkur (Borg, 1999 sjá van der Wal o.fl., 2003, 1312; Carpenter og Ferguson, e.d; Dake,

Price og Telljohan 2009, 174; Guðjón Ólafsson, 1996, 13; Nansel o.fl., 2001, 2094; Scheithauser o.fl. 2006, 271; Smith og Witney, 1993 sjá van der Wal o.fl., 2003, 1312; Veenstra o.fl., 2005, 679). Í rannsókn Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála frá 1999 um umfang og eðli eineltis í íslenskum skólum kemur fram að drengir upplifðu frekar líkamlegt einelti en stúlkur. Stúlkur urðu frekar fyrir óbeinu einelti eins og baktali og hvísli (Námsmatstofnun, e.d.).

Þessar niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Baldry (2003, 720) sem gerð var á rúmlega 1000 ítölskum grunnskólanemendum. Þar kom í ljós að stúlkur taka töluvert oftari þátt í óbeinu einelti, svo sem hvísli og útlokun, en drengir frekar fyrir beinu einelti, svo sem spörkum og höggum. Dake, Price og Telljohan (2009) telja þó drengi og stúlkur jafn líkleg til þess að taka þátt í munnlegu ofbeldi, svo sem blótsyrðum og niðurlægingum. Þeir segja að stúlkur séu frekar lagðar í einelti af báðum kynjum á meðan strákar leggja hver annan í einelti og lítið er um að stelpur leggi drengi í einelti og drengir stúlkur (Dake, Price og Telljohan, 2009, 174-175; Scheithauser o.fl. 2006, 271). Lindenberg o.fl. (2009, 679) segja í sinni rannsókn að drengir virðist líklegri til að vera gerendur en stúlkur. Stúlkur virðast einnig líklegri til að vera aðgerðalausir þolendur sem þýðir að þær eru ólíklegri til þess að láta vita af eineltinu.

#### 4.2 Óbeint einelti

Þegar um óbeint einelti er að ræða er þolandi félagslega einangraður úr hópi. Lygum, baktali og hvísli er beitt á einstaklinginn og því dreift til þess að fá aðra utanaðkomandi til þess að snúast á móti honum (Olweus, 2005, 28). Sullivan (2000, 11) bendir á að óbeint einelti geti verið með orðum og án orða. Þegar talað er um einelti með orðum er átt við móðgandi símtöl, kúganir, hótanir, kynþáttahatur og fleira. Óbeint einelti með orðum getur einnig verið óbeint eða beint. Beint einelti án orða eru grettur og móðgandi merki. Óbeint einelti án orða getur verið eyðilegging á ástarsamböndum og vináttu á viljandi og skipulagðan hátt. Það getur líka átt við að hunsa og útiloka aðra og sendingar á nafnlausum særandi bréfum (Sullivan, 2000, 11). Óbeint einelti er lúms og erfitt getur verið að koma auga á það. Þegar þú ert beittur beinu ofbeldi er líklegra að það sjáist og að utanaðkomandi hjálp berist en ef eineltið er framið í laumi (Guðjón Ólafsson, 1996, 13).

Eins og áður hefur verið komið fram beita stúlkur frekar andlegu einelti, svo sem hvísli, útilokun og baktali. Þær eiga það til að nota eineltið til að ganga í augun á strákunum, sýnast vera með yfirburði yfir aðra og/eða vera miðja athyglinnar innan stúlknaþópsins.

Drengir nota hins vegar frekar líkamlegt ofbeldi og berjast oft um yfirráðin í vinalópnum eða á skólalóðinni. Með því að sýna líkamlega yfirburði finnst gerandanum hann yfir aðra hafinn (Scheithauser o.fl., 2006, 271). Svo virðist sem stúlkur verði fyrir meiri áhrifum af einelti en drengir. Stúlkur eiga það til að taka eineltið meira inn á sig en drengir virðast líklegri til að svara fyrir sig (Crick, 1996, 2318). Þrátt fyrir það hefur því verið haldið fram að að drengir séu líklegri til að taka þátt í einelti hvort sem það er óbeint eða beint. Drengir eru mun líklegri til þess að verða fyrir beinu einelti og einnig óbeinu einelti eins og að vera kallaðir illum nöfnum og útilokaðir (Baldry, 2003, 727; Scheithauser o.fl., 2006, 271).

Til eru margar tegundir eineltis og það getur birst í mismunandi myndum. Því er oft skipt niður í enn fleiri flokka til að fá betri mynd af því sem um er að ræða. *Félagslegt einelti* á sér stað þegar barn er skilið útundan, það útilokað úr leik, því ekki boðið á samkomur eða í bekkjarhitting. Þessu barni er ekki boðið í afmælisveislu og þarf að þola svipbrigði, augngotur, þögla meðferð þegar það tjáir sig og ekki er yrt á nemandann af samnemendum og enginn af bekkjarfélögum mætir í hans afmælisveislu. Þegar barn er uppnefnt, því strítt, það baktalað, það má þola niðurlægjandi athugasemdir, hlegið er að því og stríðnin er endurtekin er talað um *munlegt einelti*. *Andlegt einelti* er þegar barn er þvingað til þess að gera eitthvað gegn vilja þess til dæmis ef girt er niður um barnið, það látið eyðileggja eignir annarra og því hóttað í daglegum samskiptum. Barninu getur einnig verið skipað að gera hluti sem það vill ekki gera. *Líkamlegt einelti* er hreint og beint ofbeldi þegar gengið er í skrokk á barninu á einn eða annan hátt (Fljótsdalshérað, e.d.).

#### 4.3 Hópsamspil

Það kemur fyrir að einelti sé stundað í hópum. Þá koma saman tveir eða fleiri einstaklingar og taka þá ákvörðun að yfirbuga ákveðinn einstakling og ráða yfir honum til að svara sínum þörfum. Þeir eru sterkari sem hópur og ólíklegt er að sá aðili geti svarað fyrir sig. Algengast er þó að eineltið sé stundað í fámennum hópi sem inniheldur tvo eða fleiri einstaklinga sem ráðast á og/eða ráðskast með einn nemenda (Olweus, 2005, 32).

Samkvæmt Olweus (2005, 32) eru ýmis mismunandi hópsamspil í gangi á skólalóðinni þegar einelti er stundað og nokkur þeirra eru þessi:

*Félagslegt smit*: Utanaðkomandi nemendur eiga það til að laðast að gerenda og taka því þátt í einelti. Oftar en ekki er höfuðþaurinn vinsæll, stór í vexti og á mikið af vinum. Þau börn sem laðast að gerandanum eru órugg og hafa tilhneigingu til að láta taka eftir sér.

*Þröskuldar lækka:* Ef að ekkert er gert í því að vinna gegn eineltinu er gerandinn sigurvegari yfir þolandanum. Við það lækka „þröskuldar“ hlutlausra nemenda gegn ofbeldinu og það getur jafnvel leitt til þátttöku þeirra í verknaðinum.

*Minni einstaklingsábyrgð:* Ef hópur fólks sýnir neikvætt atferli eins og einelti er því haldið fram meðal félagsfræðinga að hlutlausir aðilar finni minna til ábyrgðar og sektarkenndar taki þeir þátt.

*Þolandinn verður ómerkilegur:* Þegar þolandinn hlýtur endalaust ofbeldi og er niðurlægður hættir öðrum nemendum til þess að líta á þolandann sem ómerkilega persónu sem á ekkert betra skilið en að vera beittur ofbeldinu. Um leið og þeir, sem taka þátt, horfa þannig á þolandann verður auðveldara fyrir þá að taka þátt og finna síður fyrir sektarkennd.

#### *4.4 Rafrænt einelti*

Á síðustu árum hefur komið fram á sjónarsviðið tiltölulega ný tegund af einelti sem er rafrænt. Rafrænt einelti er skilgreint sem notkun tæknibúnaðar til þess að beita meiðandi og niðrandi upplýsingum um einstakling. Rafrænt einelti er skilgreint á sama hátt og annað einelti, þar er þegar einstaklingur verður fyrir ágengum vísitandi neikvæðum verknaði með notkun rafræns búnaðar, í langan tíma þar sem fórnarlamb getur ekki varið sig auðveldlega (Smith o.fl., 2008, 376). Sem dæmi má nefna að GSM-símar eru notaðir til þess að áreita og hræða aðra nemendur með óviðeigandi símtölum, SMS-skeytum eða myndum. Vefsíður hafa verið settar upp til þess að niðurlægja og áreita aðra nemendur þar sem hatur á viðkomandi er berlega sýnt og athugasemdir settar inn til þess að sýna andúð á viðkomandi (Helga Margrét Guðmundsdóttir, e.d.).

Tækniþróunin er hröð nú á dögum og sífelld koma nýjar leiðir til þess að gera líf okkar auðveldara og hraðvirkara. Nú er nánast hvert einasti unglíngur kominn með GSM-síma og hefur að öllum líkindum aðgang að tölvu í skóla eða heima við. Hætt er við því að rafrænt einelti færist í aukana í samræmi við aukna tölvu- og netnotkun Íslendinga. Samkvæmt Hagstofu Íslands (2011) eru 93% heimila í landinu nettengd og fjölgunin er rúm 2% á ári. Árið 2010 var notkun Íslendinga á samskiptasíðum 70% en 2011 mældist hún rúm 76% (Hagstofa Íslands, 2011).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hefðbundið einelti er að sumu leyti að færast af skólalóðinni yfir á Internetið þar sem nemendur eiga samskipti á ýmsum síðum, til dæmis Myspace eða Facebook. Nemendur nota MSN-spjall og bloggsíður til að gera lítið úr öðrum

og eineltið getur birst í formi texta, skilaboða, tölvupósts eða niðrandi yfirlýsinga (Helga Margrét Guðmundsdóttir, e.d.). Í rannsókn Agaston og fleiri (2007, 60), sem gerð var til þess að skoða afleiðingar rafræns eineltis, kemur í ljós að ungt fólk er mjög kunnugt allri tækni og tölvum. Meirihluti nemenda sem tóku þátt áttu GSM-síma og höfðu aðgang að netinu heima fyrir. Þeir nemendur sem hafa lent í rafrænu einelti sögðu allt einelti gerist utan skóla fyrir utan skilaboð sem þau fengu í gegnum síma. Það sem kemur á óvart í þessari rannsókn er að mjög fáir nemendur virðast finna þörf fyrir að láta kennara eða starfsfólk skólans vita ef þeir verða fyrir rafrænu einelti. Nemendur virðast frekar láta foreldra vita ef rafrænt einelti á sér stað en nokkur hluti nemenda hræðist að láta foreldra vegna hættu á að missa Internetaðgang. Í heildina virðist rafrænt einelti vera vanmetið og nemendur álíta það ekki vera vandamál (Agaston og fleiri, 2007, 60). Niðurstöður Robers og fleiri (2010) leiða í ljós svipaðar niðurstöður þar sem einungis 31% nemenda sem verða fyrir rafrænu einelti tilkynna það foreldrum eða skólastarfsmönnum.

Rafrænt einelti er vaxandi vandamál og því fylgja allskyns önnur vandamál. Í könnun Kowalski og Limber (2007) sem gerð var á rúmlega 3.800 grunnskólanemendum í suðaustur og norðvesturríkjum Bandaríkjanna kom í ljós að 11% barna höfðu orðið fyrir barðinu á rafrænu einelti að minnsta kosti einu sinni á síðustu mánuðum og 4% voru gerendur í rafrænu einelti. Það kemur á óvart að 7% nemenda eru bæði gerendur og þolendur. Algengustu aðferðirnar sem notaðar voru við rafrænt einelti voru GSM-skilaboð, tölvupóstar og spjallsvæði. Það kom einnig á óvart hversu mikill faraldur rafrænt einelti er að verða og tilfellum þar sem börn eru beitt ofbeldi á netinu fjölgar með hverjum degi sem líður. Rafrænt einelti er fullkominn kostur fyrir nemendur sem eru feimnir, félagsfælnir og hafa jafnvel verið beittir ofbeldi áður (Kowalski og Limber, 2007, 26).

Það sem einkennir rafrænt einelti hættulegt umfram aðrar tegundir, er að gerandinn getur stundað eineltið án þess að þurfa að vera í beinu sambandi við fórnarlambið. Hægt er að ná í fórnarlambið hvenær sem er í gegnum tölvupóst eða GSM-síma. Þess vegna þarf gerandinn ekki að vera ósvífinn í persónu heldur getur stundað iðju sína nánast hvar og hvenær sem er fyrir framan tölvuskjá eða með síma í hönd. Í sumum tilvikum getur verið erfitt að finna út hver stendur á bak við eineltið því ofbeldið getur verið nafnlaust og netið er opið allan sólarhringinn (SAFT, e.d.). Hins vegar felur rafrænt einelti líka í sér þá hættu fyrir gerandann að hægt er að rekja úr hvaða tölvu skilaboð hafa verið send.

Til að sporna við þessum vanda hér á landi hafa samtökin Heimili og skóli sett af stað verkefni sem kallast SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni), sem er hluti af Safer Internet Action Plan, aðgerðaráætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun. Þar er unnið ötult



starf til að vinna gegn einelti á netinu og ýmsar ráðleggingar eru veittar foreldrum og öðrum til að koma í veg fyrir þess konar ofbeldi. Þessar ráðleggingar kallast netheilræði SAFT sem fela í sér tíu atriði sem hvetja foreldra til kenna barninu sínu helstu reglur um örugga netnotkun. Foreldrar eiga að geta tileinkað sér þessi atriði með þeim tilgangi að draga úr rafrænu einelti (Helga Margrét Guðmundsdóttir, e.d.).

Það sem foreldrar og skólar gera gjarnan til að sporna við rafrænu einelti er að setja síur og varnir á tölvur til þess að koma í veg fyrir einelti. Börn nú til dags eru orðin það fær á tæknina að þau finna oft leiðir til þess að sneiða fram hjá þeim og því þurfa foreldrar og kennarar að vera vel á verði. Þær leiðir sem foreldrar geta gripið til á heimilinu auk heilræða SAFT er að hafa tölvuaðstöðuna á opinberum stað þar sem allir sjá, frekar en í sérstökum herbergjum. Foreldrar eiga að vita af lykilorðum barna sinna og athuga með reglulegu millibili hvort þau séu ennþá í notkun. Hvað varðar skóla og kennara er mikilvægt að vera á varðbergi um að netnotkunin sé í réttum tilgangi og að foreldrar, nemendur og starfsfólk séu með nauðsynlega þekkingu til þess að kanna og vita hvernig eigi að finna út og sjá rafrænt einelti (Bauman, 2007).

En hvar endar hlutverk kennara og skóla í rafrænu einelti? Endar það þegar barnið fer heim úr skólanum? Það er hægt að gefa sér að töluverður hluti rafræns eineltis fari fram utan skóla og kennarar eru þess vegna ekki alltaf í stöðu til þess að taka eftir því og kanna það betur. Að þessu leyti er rafrænt einelti erfitt viðfangs að þar getur verið óskýrt nákvæmlega hver á að grípa til aðgerða. Kowalski og Limber (2007, 29) telja að skólar þurfi að innleiða forvarnarstarf gegn rafrænu einelti inn í þeirra eineltisáætlanir og gæta þess að starfsfólk sé hæft til að taka á þessu vandamáli.

Besta leiðin til þess að reyna sporna við rafrænu einelti er að þeirra mati jöfn ábyrgð nemenda, foreldra, kennara, skólayfirvalda, samfélagsins og því kennarasambandi sem er í hverju landi fyrir sig. Lykilþáttur þess að koma á framfæri, koma í veg fyrir og vernda börn gegn þeim sársauka sem rafrænt einelti hefur í för með sér er að fræðsla. Hún kallar fram jákvæða og gefandi netnotkun sem leiðir af sér gefandi samskipti í menntunarlegum tilgagni (Canadian Teacher's Federation, e.d.).

#### *4.5 Munurinn á einelti og stríðni*

Það getur reynst erfitt fyrir uppeldisleiðbeinendur og fleiri að koma auga á, greina í sundur og takast á við einelti. Almenn er mikilvægt að allir sem koma að uppeldi og umgangist börn í sínu fagi geti greint einelti og tekið á þessu víðfeðma fyrirbæri. Slík almenn áhersla getur hins

vegar gert að verkum að enginn verði þá til að grípa til aðgerða. Eitt af því sem getur spilað inni er hvenær tiltekin hegðun getur talist einelti. Hver og einn hefur sína skoðun á því hvað einelti er og oft getur reynst erfitt að greina ærslafullan leik frá ofbeldi. Það má einnig áætla að börn taki misjafnlega í eineltið. Börn hafa mismunandi sársaukamörk og því getur atferli sem einn einstaklingur lítur á sem stríðni verið öðrum einstaklingi niðurlægjandi og særandi (Þorlákur H. Helgason, 2009, 4).

Olweus (2005) telur að gamansamur leikur og stríðni sé ekki undir neinum kringumstæðum einelti. Þrennt einkennir einelti að mati Olweusar, það er árásarhneigð, endurtekning yfir ákveðin tíma og ójafnvægi í valdi og styrk þeirra sem eiga í hlut. Þegar stríðnin er endurtekin, verknaðurinn orðinn á neikvæðum nótum og nær yfir ákveðið langt tímabil er hægt að tala um að einelti eigi sér stað. Hann segir ekki talað um einelti nema um greinilegan aflsmun sé að ræða. Sá sem leggur í einelti er oftast en ekki sterkari og stærri en þolandinn og hefur þannig yfirburði yfir hann (Olweus, 2005, 28).

Ef tveir orkumiklir strákar sem eru álíka sterkir andlega og líkamlega takast á er ekki hægt að kalla það einelti. Annað mál er ef annar aðilinn stendur höllum fæti gagnkvæmt gerandanum og því er það kallað einelti (Guðjón Ólafsson, 1996, 12). Einelti er skilgreint sem líkamleg og/eða andleg þíning á veikara barni af einum aðila eða fleirum í lengri tíma (Guðjón Ólafsson, 1996, 11; Olweus, 1993 sjá Gini og Pozzoli, 2009, 1059) en Vessey skilgreindi stríðni sem atkvæðamikil félagsleg samskipti sem samanstanda af munnlegri eða óyrtri framkomu sem á sér stað meðal jafningja. Stríðni getur verið gamansöm og fjörug á einum grundvelli en truflandi fyrir annað barn á öðrum grundvelli (Medscape, e.d.).

Það getur verið erfitt fyrir óreynda kennara að vita hvenær á að grípa inn í ærslafullan leik nemenda og hvenær ekki. Tveir nemendur gætu verið að takast á og kennari ákveður að grípa inn í. Ef nemendurnir segja að þeir séu bara „að leika sér“ eða „bara að grínast“ getur verið erfitt að meta aðstæður. Hugsanlegt er að kennurum sé illa við ærslafullan leik en ættu þeir að geta sætt sig við hann þar sem börn nú til dags eru að verða sífellt meiri kyrrsetubörn, tíðni offitu er töliverð (Cattaneo o.fl., 2010, 389) og þau þurfa að þjálfa grófhreyfingar.

Samskipti stráka eru öðruvísi en samskipti stúlkna og slagsmál milli stráka geta oft verið vinalegir tilburðir af beggja hálfu. Það er því erfitt að dæma hegðun nemenda, sérstaklega drengja (Olweus, 2005, 36–37). Hægt er að áætla að hér sé um tvo þætti að ræða. Í fyrsta lagi setja skólar ákveðnar reglur um að börn eigi að hegða sér á ákveðinn hátt á skólalóðinni og strangar reglur eru settar til þess að koma í veg fyrir einelti. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga börn að bera virðingu fyrir samnemendum, háð aldri. Skólinn á að stuðla að eflingu sjálfvirðingar, nemendur eiga að fá að vera frjálsir og fá að láta skoðanir

sýnar í ljós á lýðræðislegan hátt (Mennta- og Menningamálaráðuneytið, 2011, 6, 15, 26, 33 og 51). Þetta getur sett börnin og kennara í smá klípu. Þau læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, læra sjálfstæða hugsun og efla grófhreyfingar en um leið passa að sýna ekki hegðun sem svipar til eineltis. Þegar tveir drengir kljást vinalega á skólalóðinni og kennari grípur inn í er hann hugsanlega að koma í veg fyrir þroska barnsins af einhverju tagi. Strangar reglur geta því verið góð leið til þess að koma í veg fyrir einelti en um leið geta þær einnig haft óæskilegar afleiðingar.

Olweus (2005, 36–37) útskýrir þetta best í svokölluðum R&T-leik (Rough-and-tumble play) í handbók sinni um einelti. Hann segir að þegar tveir eða fleiri nemendur takast á, vingjarnlega og leikandi sé það ærslafullur leikur. R&T-leikur er nokkuð algengur meðal grunnskólabarna. Þegar nemendur segja „þetta er skemmtilegt“ og „mér finnst gaman“ er líklegt að þau séu að taka þátt í R&T-leik. Hann segir ýmsa vísindamenn hafa haldið því fram að R&T-leikur gegni mikilvægu hlutverki líkamlegrar þjálfunar, efla vinatengsl og síðast en ekki síst losi hann umframorku.

## 5. Hættusvæði

Mikilvægt er að vita hvar einelti fer fram, og hvernig, til þess að geta tekið á því og stöðvað það sem fyrst. Margir fræðimenn hafa sýnt fram á að mesta hættan á því að lenda í einelti sé í skólanum (Borg, 1999 sjá Fekkes o.fl., 2005, 88; Gegn einelti, e.d a; Gegn einelti, e.d. b; Junger Tas og Kesteren sjá van der Wal o.fl., 2003, 1312; Olweus, 2005, 29; Sharp og Smith, 2000, 88).

Þetta er í samræmi við rannsóknir á vegum Olweusaráætlunar hér á landi árin 2002 (Gegn Einelti, e.d. a) og 2003 (Olweus, 2005, 29). Þessar tölur virðast einnig eiga við árið 2005 (Gegn einelti, e.d. b). Í skýrslu Robers, Zhang og Truman (2010) um algengi eineltis í bandarískum skólum greindu 32% nemenda frá því að þeir hefðu verið lagðir í einelti árið 2007 og 79% nemenda, sem lagðir voru í einelti, greindu frá því að þeir hefðu orðið fyrir einelti innan veggja skólans (Robers o.fl., 2010, 42). Ef litið er á nýlegar tölur virðist mesta hættusvæðið vera á göngum skólans. Drengir verða oftast fyrir einelti á göngum skólans en næst mest á skólalóðinni. Stúlkur og drengir virðast hins vegar jafn líkleg til að verða fyrir einelti á öðrum svæðum skólans (Hagaskóli, 2011; Perkins o.fl., 2009).

Umsjón með skólalóðum og eftirlit í frímínútum fellur of í hlut skólaliða sem að mati Sharp og Smith (2000, 88) eru í of mörgum tilvikum alltof fáir. Mögulegt er að ef þessum starfsmönnum yrði fjölgað myndi draga úr einelti. Það eitt og sér mun þó ekki koma í veg fyrir einelti því það er margs konar og orsakast af mörgum og mismunandi þáttum sem erfitt er að fylgjast með. Í „Björgvinjaráætluninni gegn einelti“ á níunda áratugnum kom í ljós að töluverður fjöldi kennara taldi eftirlitskerfi í skólum almennt slakt og þarfnast úrbóta. Það kom einnig fram að þegar fleiri kennarar eru á skólalóðinni hverju sinni er töluvert minna um einelti en þar sem gæsla er lítil (Olweus, 2005, 36).

Hver skóli hefur upp á að bjóða mismunandi stórar skólalóðir og ólíka staði þar sem gerendur leggja í einelti. Skólalóðir bjóða upp á misjafna möguleika og þar sem lóðir eru stórar kvarta starfsmenn gjarnan undan of umfangsmiklu svæði og mörgum auðum svæðum þar sem hægt er að leggja í einelti. Starfsmenn kvarta hins vegar einnig ef lóðir eru of smáar því þá berjist börnin um svæði og úr verða slagsmál (Sharp og Smith, 2000, 88–89).

Tiltekin svæði á skólalóðinni eru talin hættusvæði hvað varðar einelti. Þessi svæði eru oftast en ekki utan sjónmáls starfsmanna, til dæmis fyrir aftan kennslustofur, hjólageymslur og í kringum stór leiktæki (Sharp og Smith, 2000, 91). Mikilvægt er að starfsmenn hafi vökult auga á þessum svæðum og jafnvel komi í veg fyrir að nemendur fari þangað í þeirri von að

einelti minnki. Nemendur þurfa að vita af þessum hættusvæðum og einnig vita að starfsmenn skólans fylgist með þeim. Það getur stuðlað að því að nemendur eigi öruggara aðgengi að skólalóðinni.

Í skýrslu Ragnars Ólafssonar (2008) þar sem lagt var mat á árangur Olweusáætlunarinnar í íslenskum skólum kom fram að einelti væri mest á skólalóðinni en færi þó minnkandi. Hægt er að geta sér til þess að ástæða þess sé betri gæsla meðal starfsmanna og nemendur séu jafnvel varkárari um sig og gæti þess að leika sér þar sem kennarar eða starfsfólk sjá til. Í skýrslu Ragnars kemur einnig fram að einelti sé að öllum líkindum að minnka á stöðum eins og skólalóðinni, í leikfimisölum og í sturtuklefum en sé að færast í aukana á stöðum eins og salernum (Ragnar Ólafsson, 2008, 14). Innan veggja skólans eru margir staðir sem eru ómannaðir og ekki vaktaðir af starfsmönnum. Þeir staðir eru ákjósanlegir fyrir gerendur að láta til skarar skríða. Salerni eru oftast ómönnuð, sem og ólæstar kennslustofur og geymslur. Gerandi eineltis reynir að velja sér þau svæði á skólalóðinni þar sem hann getur verið friði og pínú fórnarlambið sem mest. Geranda líður best þar sem hann getur verið dulinn og jafnvel nafnlaus (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 317).

## 6. Þolendur

Polendur eineltis eiga oft en ekki sameiginlegt að vera hlédrægari og óöruggari en önnur börn. Þessi börn eru einnig varkárari með sig og mun háðari foreldrum sínum, sérstaklega móður (Guðjón Ólafsson, 1996, 21). Yfirleitt beita þessi börn ekki ofbeldi heldur hafa óbeit á því og reyna að forðast það eftir bestu getu. Þau börn sem eru veikburða og óörugg þekkja ekki eins vel ósanngjarna og hörkulega framkomu og önnur og eru því í mun meiri hættu á því að verða fyrir einelti og lenda í skotlínu gerandans (Guðjón Ólafsson, 1996, 22).

Hverskyns frávik í útliti og hegðun geta orðið gerendum tilefni til að ráðast að einum frekar en öðrum. Olweus (1978 sjá Dake o.fl., 174) hélt því fram að ofþyngd, hreinlæti, fjær/nærsýni, andlitsfall og klæðnaður væru tilefni til eineltis. Lowenstein (1978 sjá Dake o.fl., 2009, 174) taldi hins vegar að óaðlaðandi börn, börn með öðruvísi hegðun og líkamlega fötlun væru líklegri til þess að lenda í einelti. Eins og sjá má eru þessar hugmyndir komnar til ára sinna og gefa jafnvel í skin að orsaka eineltis sé að einhverju leyti að finna hjá þolandanum. Nýleg rannsókn Dake, Price og Telljohann (2009, 175) leiddi í ljós að eini marktæki munurinn á líkamsgerð þolenda væri stærð. Börn sem eru lítil og veik eru í meiri hættu á að lenda í einelti. Hægt er að gefa sér að þessar niðurstöður eigi rétt á sér en auðvelt er að halda því fram að þessi rannsókn sé einsdæmi og líkamlegt atgervi barna sé í raun stór þáttur í því að verða fyrir einelti.

Einelti er ofbeldi og það þarf að taka á því eins og öðru ofbeldi. Því er mikilvægt að þekkja einkenni þolenda og ná að bregðast við á réttan hátt. Mörg fórnarlömb eineltis verða fyrir endurteknu aðkasti sem gerir það að verkum að þau missa gleði, þrótt og jafnvel lífsvilja (Guðjón Ólafsson, 1996, 23). Þeir sem þekkja til eiga auðvelt með að sjá þessi merki barnsins. Þessi börn láta oft en ekki lítið fara fyrir sér í öllu félagslífi (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 315), sýna merki um þunglyndi (Baldry, 2003, 728), eiga erfitt með að aðlagast aðstæðum, telja sig mislukkuð og hafa neikvæða sjálfsmynd (Nansel o.fl., 2001, 2095). Sum börn eru jafnvel búin að telja sér trú að eineltið sé þeim að kenna og þau þurfi að sætta sig við það. Þessi einkenni eru oft óskýr og því þarf að fylgjast vel með hegðun og líðan nemenda. Oft eru börn hrædd við að koma fram og segja foreldrum, kennurum eða starfsfólki frá ofbeldinu. Þar spilar inn í hræðslan við að gerandinn frétti það og þá er hætt við að eineltið verði meira og jafnvel harðara. Börnin lokast oft alveg af og þá er hlutverk kennara að þekkja einkennin, bregðast við þeim og vinna úr þeim málum (Guðjón Ólafsson, 1996, 23).

Viðbrögð þolenda geta þó verið mismunandi. Guðjón Ólafsson (1996) setur þessi viðbrögð upp í stig. Fyrsta stig viðbragða hjá barni er oft *grátur*. Barnið brestur í grát vegna óréttlætis og skilningsleysis og það skilur ekki afhverju komið er komið fram við það á svo hræðilegan hátt. Annað stig viðbragða er *reiði*. Barnið fær reiðiköst og lætur meira fara fyrir sér, sem er oftast en ekki olía á eldinn fyrir gerandann. Ef það gerist á barnið oft til með að hverfa. Barnið gerir allt til þess að aðrir nemendur taki ekki eftir sér og notar öll þau brögð sem það getur til þess til dæmis að koma seinna inn í skólann, vera inni í frímínútum og þræða veggj skólans á milli tíma. Þriðja og síðasta stigið er að *raunveruleikaflótti*. Barnið hugsar um að koma aldrei í skólann aftur og jafnvel svipta sig lífi. Sem betur fer gerist það ekki oft að barn taki til þessara úrræða en ef barn er komið í þennan farveg ber að grípa inn í (Guðjón Ólafsson, 1996, 23–24). Rannsóknir sýna að börn sem verða ítrekað fyrir einelti þróa með sér ýmsa kvilla. Þau eru mun líklegri en önnur til að glíma við ýmiss konar sálfræðileg vandamál, svo sem þunglyndi, einmanaleika, vímuefnamisnotkun og jafnvel sjálfsvígshugsanir og/eða tilraunir (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 315; Baldry, 2003, 728; Ivarsson o.fl., 2005 sjá Ársæl M. Arnarson og Þórodd Bjarnason, 2009; Nansel o.fl., 2001, 2095). Þeim gengur einnig oft verr í skóla (Rivara og Kernic, 2005 sjá Rothon o.fl., 2011, 580).

## 7. Hverjir eru gerendur?

Gerendur eru þeir sem leggja aðra einstaklinga í einelti. Í gegnum árin hafa fræðimenn reynt að greina ástæðurnar fyrir því að barn leggi annað barn í einelti, jafnvel ítrekað í lengri tíma. Oft er erfitt að átta sig hverjar þær eru en líklegt má telja að það barn eigi við mikla erfiðleika að stríða, heima hjá sér og jafnvel í skólanum líka. Hér á eftir verður skoðað hverjir séu gerendur og hvað fræðimenn í gegnum tíðina hafa sagt um orsakir þess að barn leggi aðra í einelti ásamt því að fjölskylduaðstæður, sálfræðilegir kvillar og félagsstaða verður til umfjöllunar.

Margvíslegar ástæður liggja að baki því að barn leggi í einelti, til dæmis að það sjálft hafi verið lagt í einelti (Sharp og Smith, 2000, 92). Ekki er óalgennt að fólk telji að gerendur séu óöruggir og hræddir einstaklingar undir harðneskjulegu yfirborðinu. Algengt er að fólk haldi að þeir svífast einskis og finni enga samúð með fórnarlambinu en niðurstöður Kaukiainen o.fl. (2002) hafa sýnt þvert hið andstæða. Samkvæmt þeirra rannsókn einkennast gerendur af óvenju lítilli hræðslu og óöryggi. Þeir eru eins og aðrir meðalnemendur, meðalgreindir og líta ekki út fyrir að vera ofbeldisfólk. Þeir hafa ágætt sjálfssálit og jafnvel jákvætt viðhorf til kennslu og félagslegra athafna. Félags- og tilfinningaleg færni þeirra er hugsanlega meiri en áður hefur verið talið og ekki hefur verið hægt að sanna að mikið eða lítið sjálfssálit þeirra tengist einelti (Kaukiainen o.fl., 2002, 271).

Í bók Guðjóns Ólafssonar (1996) um einelti segir hann jákvæða afstöðu til ofbeldis skilja þau börn sem leggja í einelti frá þeim sem gera það ekki. Þau börn sem leggja í einelti eru oftast en ekki með valdabörf og eru skapbráð. Þeim finnst spennandi að hafa yfirhöndina yfir öðrum, kvelja þá og hafa um leið litla tilfinningu fyrir líðan annarra. Hann segir því oft haldið fram af barnageðlæknum og sálfræðingum að gerendur eineltis séu í raun hræddir og óöruggir en bendir á að rannsóknir hafi sýnt aðrar niðurstöður sem bendi til að þessi börn séu oftast en ekki miðlungs og yfir miðlungi örugg með sig miðað við jafnaldra sína (Guðjón Ólafsson, 1996, 25).

Árið 2006 lögðu Ársæll Arnarsson og Þóroddur Bjarnason könnun fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi. Með því að nota gögn úr HBSC-rannsókninni voru þeir að leita eftir algengi eineltis hér á landi. Í ljós kom að nemendur sem leggja aðra í einelti eru yfir höfuð félagslega sterkir og virðast ekki eiga við neina sérstaka kvilla að stríða. Þeir virðast einnig eiga ágæt samskipti við fjölskyldu og vini (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009, 15).



Vanderbilt og Augustyn (2010, 316) telja aftur á móti að gerendur eineltis séu í meiri hættu á að þróa með sér þunglyndiseinkenni og sálræna kvilla. Þeir segja einnig að flest allir gerendur hafi neikvæða mynd af skólanum og séu líklegri til þess að hætta eða falla úr honum. Þeir séu líklegri til að standa illa félagslega og eiga í vandræðum með að aðlagast umhverfi sínu. Þeir virðast eiga oftari við hegðunarfunda að stríða en önnur börn og séu mun árásgjarnari. Gerendur eru sagðir líklegri til þess að þjást af andfélagslegum persónuleika og haldnir kvíðaröskun. Þeir segja einnig að svo virðist sem gerendur eineltismála eigi erfitt með að haldast í langtíma- vinnu og að eiga í löngum ástarsamböndum. Þeir séu einnig fjórfalt líklegri til þess að leiðast út í glæpi þegar á unglings- og fullorðins árin er komið (Vanderbilt og Augustyn, 2010, 316).

Þó að töluverður munur sé á þessum tveimur útkomum er líklegt að hann liggi frekar í menningalegum breytileika, þar sem rannsókn Ársæls og Þórodds er gerð á Íslandi en hin í Bandaríkjunum. Líklegt er að munur sé á uppeldisaðstæðum og menningu fólks í þessum tveimur löndum. Þau börn sem líkleg eru til að stunda glæpsamlegt athæfi eru líklega fleiri í Bandaríkjunum þar sem glæpir eru trúlega tíðari en á Íslandi. Þó er ekki hægt að staðhæfa um það. Mörgum sem þekkja lítið til eineltismála hættilir til að stimpla alla gerendur eineltis út frá staðalmyndinni um stóran og sterkan stráak sem ræður skólanum og aðrir gera allt til þess að forðast að hitta á göngum skólans; stráak sem tekur nestispeningana þína, girðir niðrum þig og kallar þig öllum illum nöfnum.

En er til einhvers konar staðalmynd af geranda eineltis? Samkvæmt Olweus (2005, 31) eru gerendur oftari en ekki þeir aðilar sem hafa ríka þörf fyrir að ráðskast með aðra, hafa jákvætt viðhorf til ofbeldis, eru skapbráðir og fljótfærir, virðast frakkir og harðskeyttir og eru færir í að kjafta sig út úr erfiðum aðstæðum. Gerendur tengjast oft andfélagslegu athæfi, óreglumönnum í skólanum og samfélaginu. Aðrar rannsóknir á gerendum hafa leitt í ljós að þau börn sem leggja aðra í einelti eru líklegri til að sýna af sér annars konar andfélagslega hegðun í æsku og eru líklegri til þess að leiðast út í þjófnað, skemmdarverk (Bosworth o.fl., 1999, 357; Loeber og Dishion, 1983 sjá Haynie o.fl., 2001, 31; Magnusson o.fl. sjá Haynie o.fl., 2001, 31) og virðast vera í miklum áhættuhóp þeirra sem byrja að reykja, drekka og taka inn fíkniefni (Baldry og Farrington, 2000 sjá Dake o.fl., 2009; Berthold og Hoover, 2000, 65).

### *7.1 Hvers vegna leggja nemendur í einelti?*

Flest virðist benda til þess að ákveðnar aðstæður í lífi barna séu kveikjan að einelti. Flest börn sem leggja í einelti hafa fengið minni hlýju og nálægð frá foreldrum en önnur börn. Oftari en

ekki fá þessi börn ekki sama öryggi og börn almennt þegar kemur að þeirra nánustu. Líklegast er að þessi börn hafi ekki fengið nógu skýr skilaboð um hvað sé leyfilegt og hvað sé ekki. Í þriðja lagi virðist ljóst að þessi börn hafa lifað við harðari uppeldisaðferðir hjá foreldrum en önnur börn. Þá er átt við líkamlegar refsingar, miklar tilfinningar og reiði (Guðjón Ólafsson, 1996, 26).

Sum börn læra af foreldrum sínum eða eldri systkinum hvernig á að taka á og meiða annað fólk. Mörg ung börn verða vitni að vísitandi ofbeldisverkum foreldra og árásgirni í garð annarra. Börnin verða vitni af ofbeldi í sjónvarpi eða jafnvel af samnemendum sem leiðir til þess að þau beita þessari hegðun á minni máttar. Duncan (1999 sjá Holmes-Longergan og Holmes, 2004, 127) hélt því fram að börn sem leggja jafningja sína í einelti væru líkleg til þess að leggja systkini sín einnig í einelti.

Dan Olweus (2005) telur að þrjár ástæður þess að sum börn leggi önnur í einelti komi helst til greina. Í fyrsta lagi eru gerendur oftast en ekki þeir sem hafa sterka þörf fyrir að afla sér valda og ráðskast með aðra. Þeir vilja hafa betur gegn fórnarlambinu og kúga það. Í öðru lagi spilar uppeldið inn í (Guðjón Ólafsson, 1996, 26; Olweus, 2005, 32). Ef það ríkir ringulreið innan fjölskyldu gerandans er hægt að ætla að hann hafi þróað með sér fjandsamlega afstöðu gegn umheiminum sem veldur því að hann nýtur þess að pína aðra og valda þeim tjóni. Í þriðja lagi á gerandinn auðveldara með að fá það sem hann vill í gegnum hótanir og píningu. Hann þvingar þolandann til þess að gera hluti fyrir sig og hlýtur um leið andlega ró og jafnvel efnislegan hagnað. Um leið og hann gerir þetta á gerandinn til með að hækka í álit hjá þeim hóp eða einstaklingum sem hann umgengst vegna þessara atferla (Olweus, 2005, 32).

Gini, Pozzoli og Hauser (2011) veltu fyrir sér ástæðunni afhverju börn leggja hvort annað í einelti. Þeir skoðuðu hvort gerendur væri frábrugðnir þolendum þegar kemur að skilningi þeirra á siðferðisjónarmiði og tilfinninganæmi þegar brotið er af sér. Það kom í ljós að hegðun gerenda eru oft og tíðum talin mörkuð af tilfinningaleysi í garð þolenda, skorti á greind til að vita hvað sé rétt og rangt, að þeim sé alveg sama um að þeir leggja í einelti eða að þeir séu samblanda af hvoru tveggja (Gini o.fl, 2011, 606). Aftur á móti taka sum börn þátt í einelti en geta þrátt fyrir það dæmt um hvað sé siðfræðilega rétt og rangt og eru viðkvæm gegn siðferðislegum brotum. Þetta eru allt tiltölulega eðlilegar ályktanir en þrátt fyrir það er lítið vitað um hvað kortleggur persónuleika gerenda (Gini o.f.l., 2010, 606–607).

Í rannsókn Gini, Pozzoli og Hauser (2011) virðast gerendur heilt yfir sýna eðlilega hæfni til að dæma um hvað sé rétt og rangt en þeir skera sig úr hvað varðar hæfni þeirra í félagslegum athöfnum. Gerendur virðist skorta jákvæð viðhorf gagnkvæmt öllum félagslegum

athöfnum í skóla, eðlilegum samskiptum og næmi á tilfinningar. Þeir eiga erfitt með að taka við jákvæðum viðbrögðum og hrósi frá kennara og samnemendum og túlka þau á allt annan hátt en aðrir. Gerendur eru líklegri til þess að sýna ofsafengin viðbrögð og jafnvel túlka jákvætt viðhorf samnemenda í sinn garð sem ógnun. Hugur gerandans virðist upptekinn af því að uppfylla sín eigin markmið og því jákvæða sem hann öðlast persónulega í gegnum eineltið (Gini o.f.l., 2011, 606–607).

Þegar skoðuð er spurningin hver sé munurinn á gerendum og þolendum eineltis hvað varðar skilning á því að skilja hvað sé rétt og hvað rangt telja Gini, Pozzoli og Hauser (2011, 606–607) og einnig Rigby og Slee (1993, 373) að það barn sem leggur annað barn í einelti sé að mörgu leiti haldið geðsýki af einhverju tagi. Gerendur virðast hafa tiltölulega góða siðferðislega hæfni en skorta siðferðislega samkennd. Þar af leiðandi sýna þeir ekki samúð með þolanda og skilja ekki hvers vegna afbrot þeirra hafa áhrif á vellíðan annarra eða þeim virðist vera alveg sama um tilfinningar þeirra.

Ein af ástæðunum sem gerendi getur haft til að leggja annan í einelti er fordómar. Fordómar eru því miður of algengir hér á landi. Orðið fordómar er skilgreint sem dómur sem lagður er á eitthvað án þess að eitthvað meira sé vitað um það. Fordómar eru ógrundaður dómur, hleypidómur eða skoðun (*Íslensk orðabók*, 2002, 365). Toshiki Toma segir að fordómar feli í sér mat á gildum þar sem við gerum upp hug okkar án þess að hafa reynslu af því. Það að draga ályktun af ákveðnum hlut eða persónu í samfélaginu, án þess að búa yfir þekkingu á því eða hafa kynnt sér málið er fordómafull staðhæfing (Toma, 2008, 58–59).

Samkvæmt Toma eru staðalímyndir ein aðal uppspretta fordóma en með staðalímynd er átt við ákveðna hugmynd fólks um tiltekinn hóp, hlut eða fyrirbæri eða starfsemi í samfélaginu. Hann segir fordóma hluta af mannsins eðli. Það þýðir þó ekki að þeir megi viðgangast því afleiðingarnar eru mismunandi (Toma, 2008, 59–60). Fordómar geta verið orsök eineltis og því ber foreldrum sem og kennurum að vera vakandi fyrir því að börnin læri ekki að dæma einhverja persónu frá einu tilviki eða hvaðan hún kemur.

Sýnt hefur verið fram á að gerendur eig erfitt með að sýna öðrum virðingu, aðlaga sig siðferðislegu viðhorfi og umhyggju í samfélaginu (Gini, 2006, 22). Svo virðist sem þeirra raunverulega hegðun sé gagntekin af persónulegum markmiðum sem þeir ná í gegnum eineltið (Sijtsema o.fl., 2009, 64). Kjarni málsins er því sá að þegar það kemur að því að taka þátt í venjulegum og viðeigandi siðferðislegum athöfnum nær hugur gerandans ekki að kalla fram þá hegðun sem þarf til að ná jafningjagrundvelli. Þar af leiðandi býður þessi samviskuskortur upp réttlætingu þess að leggja í einelti. Þessi hugmyndafræði styðst við rannsóknir Bandura o.fl. (1996, 369–372) sem héldu því fram að jákvætt samband væri á milli

lítillar sektarkenndar og áhugaleysis annars vegar og eineltishegðunar hjá nemendum hins vegar.

Þegar skoðaður er munurinn á gerendum og þolendum og hvort einhver skörun sé þar á milli kemur í ljós að flestir gerendur eru einnig þolendur. Rannsókn sem gerð var á 6,500 börnum frá 8.–11. ára leiddi í ljós að af þeim 5% nemenda sem voru gerendur voru 4,5% þeirra líka þolendur. 0,5% nemenda voru einungis gerendur (Bloom, 2008).

### *7.2 Fjölskylduaðstæður gerenda*

Í umfjöllun um einelti er gjarnan litið á slæmt hugarfar og sálræna kvilla sem gerendur geta glímt við en þegar litið er á fjölskyldur gerenda og hvernig fjölskyldulífi þeir virðast koma frá kemur margt áhugavert í ljós. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á tilurð fjölskyldna þolenda og gerenda (Duncan, 2004 sjá Berger, 2007, 109) þar sem kemur meðal annars fram að venjulega eru harðir og/eða fráhrindandi foreldrar mun líklegri til þess að ala af sér árásgjörn börn sem eru óhæf í að stjórna innri hvöt. Gerendur sýna oftast en ekki minni tengsl við foreldra en þolendur og foreldrar gerenda sýna oftast en ekki kalt og fráhrindandi viðmót.

Rannsóknir benda til þess að eineltishegðun sé kynslóðaskipt og ef foreldrar sýni andfélagslega hegðun sé líklegt að börnin geri það líka (Sullivan, 2000 sjá Entenman o.fl., e.d., 354). Þónokkuð er til af rannsóknum á sálfræðilegum ástæðum barna til að leggja í einelti en minna hefur verið fjallað um þær ástæður sem liggja heima fyrir. Í rannsókn Rigby (1993, 501) kom í ljós augljós munur á sálfræðilegu umhverfi þeirra barna sem lögðu í einelti og þeirra sem gerðu það ekki. Börn sem bjuggu við slæmar aðstæður sálfræðilega heima fyrir og áttu erfitt samband við foreldra höfðu meiri tilhneigingu til þess að leggja í einelti. Þessi rannsókn styður kenningu Stephenson og Smith (1987, 236–237) sem sagði mikilvægi góðs sambands milli foreldra og barna vera lykil að góðri sálfræðilegri heilsu og góðum námsárangri. Slæmt samband milli barna og foreldra er þáttur í því að börn leggja í einelti og ef sambandið er ekki gott eru börn þrefalt líklegri að leggja aðra í einelti eða verða fyrir því sjálf.

Samkvæmt Olweus (1980) eru ákveðnir hlutir sem virðast vera kveikjan að því að börn leggi í einelti. Þessir hlutir eru meðal annars fjarvera föður, foreldramissir í gegnum skilnað, þunglyndi móður og samskiptaörðugleikar og rífrildi foreldra. Þegar foreldrar sýna neikvætt viðhorf eða hafna barni sínu skapar það fjandsamlegt viðhorf hjá barninu og stuðlar að meiri ágengni í hegðun þess. Rannsóknir sýna að gerendur eineltis sem hafa skynjað

neikvæð og lítil samskipti við foreldra og/eða neikvæð og lítil móðurleg samskipti eru í meiri hættu á því að eiga í erfileikum með að aðlagast umhverfi sínu og í samskiptum við aðra (Olweus, 1980, 644–660).

Til þess að finna út hegðunarmynstur barna hafa sálfræðingar í gegnum tíðina lagt töluverða áherslu á að skoða tilfinningalega hegðun foreldra og þá sérstaklega móður. Olweus (1980) kom fram með kenningu sem útskýrði að eitt af því sem væri valdur eineltis væri köld og fráhrindandi hegðun móður. Þetta kallaði hann „þöglu meðferðina“ sem er oft sett í samhengi við að barn gerist gerandi í einelti. Það virðist einnig vera að þegar ungir drengir taka upp árásgirni gagnkvæmt foreldrum sínum eða jafningjum séu meiri líkur á því að uppeldi þeirra hafi einkennst af kærulausum mæðrum og hörðum og óvinveittum feðrum. Í sömu rannsókn Olweus frá 1980 segir hann frá ungum drengjum sem voru gerendur í einelti. Fjölskyldulíf þeirra virtist einkennast af ofbeldi. Feður drengjanna notuðu oftár en ekki ofbeldisfullar aðferðir til að refsa þeim og tengir hann það því af hverju drengir nota ofbeldi frekar en stúlkur. Ef drengir eru beittir líkamlegum refsingum heima fyrir eru þeir líklegri til þess að vera árásgjarnir. Hegðun gerenda gagnkvæmt jafningjum er í samræmi við það sem gerist heima fyrir og slakt tilfinningalegt samband við foreldra skapar óöryggi og tortryggna hegðun hjá barni (Olweus, 1980, 644–660).

Þrátt fyrir að hegðunarmynstur foreldra skipi stóran sess í tilfinningalífi barna virðist einnig skipta miklu máli hvernig aðstæður fjölskyldunnar eru í heild sinni. Hæfni fjölskyldna sem heildar til þess að stuðla að jákvæðum og áhrifaríkum samskiptum er talin vera ómissandi hlekkur í þróun jákvæðra félags- og persónuhæfileika hjá börnum. Þeir sem leggja í einelti eru líklegri til að koma frá fjölskyldum sem skortir þennan hæfileika (Rigby, 1994, 183–184).

Í rannsókn Connolly og Moore (2003) var lögð áhersla á að rannsaka persónuleika barna sem lögðu í einelti. Rannsóknin leiddi í ljós að persónuleiki barns litast mjög af uppeldi þess og fyrri reynslu. Reynslu og uppeldi barns sem kemur frá tvístraðri fjölskyldu er hægt að tengja við persónuleika þess og hvernig það hegðar sér (Connolly og Moore, 2003, 559–567). Einnig virðist það vera að ef gerendur skynja fjölskyldu sína sem ósamheldna og sundurliðaða, sjá föðurinn sem áhrifameiri en móðurina og telja systkinin áhrifameiri en þeir sjálfir, tengist það ofbeldishneigð síðar meir. Ef móðirin er undirgefin föðurnum er barnið líklegra til þess að hlýða einungis föður en ekki móður. Ef eldri systkini eru áhrifagjörn litast hegðun þeirra að ýmsu leyti af foreldrum og hegðun yngri systkina af litast af þeim eldri (Bowers, ofl., 1992, 381–384). Systkini geta verið mikilvæg í þessu samhengi. Þau geta verið verndarar barnsins í einelti en þegar barn er lagt í einelti af bróður eða systur eru líkur á því að það sjálft leggi aðra í einelti (Berger, 2007, 109).

Rannsóknir fyrri ára standast vel samanburð við þær rannsóknir sem gerðar eru í dag. Í íslenskri rannsókn Ársæls M. Arnarssonar og Þórodds Bjarnasonar frá 2009 um algengi eineltis kemur í ljós að þátttakendur í einelti eru mun líklegri til að eiga lítil sem engin samskipti við foreldra miðað við þá sem ekki taka neinn þátt í einelti. Svo virðist sem gerendur eineltis séu líklegri en aðrir til að eiga slæm samskipti og tilfinningaleg tengsl við foreldra og þá sérstaklega föður ef þau eru á annað borð til staðar. Stúlkur sem eru gerendur eineltis virðast eiga í ágætum samskiptum við stjúpföður á meðan þær telja samskipti sín við stjúpmóður eða líffræðilega móður frekar erfið. Þegar á heildina er litið virðast drengir eða stúlkur sem eru annaðhvort gerendur eða þolendur eiga í frekar erfiðum samskiptum við feður (Ársæll M. Arnarson og Þóroddur Bjarnason, 2009, 18–19).

### 7.3 Áhorfendur

Hvort sem einelti er stundað í hópum eða einn á einn er oftast en ekki fleiri aðilar sem standa á bak við aðra gerendur. Gerendur geta verið af ýmsum toga. Oftast standa svokallaðir forystusauðir fremst í því að leggja í einelti en einnig eru til hópar „taglhnýtinga“ sem eru tímabundnir þátttakendur. Þeir taka þátt í því að kvelja aðra stöku sinnum en fara svo í felur þess á milli og horfa á. Þessir aðilar hafa sjaldan sömu einkenni og aðalgerendurnir en dragast inn í atburðarásina af ýmsum ástæðum. Sumir taglhnýtingar hafa verið lagðir í einelti af gerandanum áður og telja því bestu og auðveldastu lausnina að taka þátt í eineltinu frekar en að verða fyrir því. Einnig getur ástæðan verið sú að þessi hópur líti upp til gerandans og þyki hann „svalur“ og vilji líkjast honum. Þetta eru kölluð „fyrirmyndaráhrif“. Gerandinn hefur þá mjög öflugan stöðu innan hópsins og smitar út frá sér. Börn sem að jafnaði eru þæg og taka ekki þátt í ofbeldi trúu því ekki þegar talað er við þau eftir á um að þau hafa tekið þátt í eineltinu því siðferðisstigið í hópnum hefur farið niður á við. Einnig getur verið að ef einelti varir í langan tíma láti þolandinn eineltið viðgangast og við það getur barnið týnt stöðu sinni og rétti. Um leið og þetta gerist eru líkur á því að sífellt fleiri aðilum finnist þolandinn eiga eineltið skilið og kalli það yfir sig sjálfur (Guðjón Ólafsson, 1996, 27).

Sullivan (2000 sjá Entenman o.fl. e.d., 353–354) telur einelti innihalda þrjá hópa: gerendur, þolendur og áhorfendur. Áhorfendur eru ekki áhrifalausir. Sumir þeirra hvetja til eineltis, dást að geranda, hlæja með honum, umkringja slagsmál án þess að hjálpa sjálfir og fleira í þeim dúr. Áhorfendur er hópur sem verður fjölmennari eftir því sem börnin verða eldri (Samlivalli, 2001 sjá Berger, 2007, 97).

Gerendur þrífast oft á meðbyr áhorfandans. Það hefur komið í ljós að gerendur reiða sig töluvert á hlutverk áhorfanda til þess að magna áhrif og telja vinalegan áhorfanda stuðning og hvatningu til meira ofbeldis (Rodkin, 2004, 95 sjá Berger, 2007, 98). Með því að gera eitthvað fyrir framan samnemendur finnst þeim þeir merkilegir. Samkvæmt Sullivan er áhorfandinn, hvort sem hann er með í sjálfu eineltinu eða horfir á, hluti af ofbeldinu. Rannsókn Pepler, Craig og Roberts (1998) sem gerð var á tíðni eineltis á skólalóðinni leiddi í ljós að 85% eineltistilfella innihalda töluvert marga áhorfendur, að meðaltali fjóra á hvert eineltistilfelli (Berger, 2007, 98).

Áhorfandinn er sá aðili sem er vitni af eineltinu en gerir ekkert í því. Jeffrey, Miller og Linn (2001 sjá Berger, 2007, 98) héldu því fram að sum börn grípa inn í ef vinur er lagður í einelti, jafnvel þótt það þýði að hann lendi í því sjálfur, en þeir sem eiga ekki vini eru líklegri til að vera hjálparlausir. Þessi börn eiga ekki frumkvæði að eineltinu en eru með í því og fylgja gerandanum. Með því að gera ekkert og hlæja af þolandanum er áhorfandinn að gefa gerandanum aukinn styrk og hann þrífst að því að fá athygli. Áhorfendur eru því hluti af því ferli sem einelti er (Jeffrey o.fl., 2001 sjá Berger, 2007, 98).

## 8. Olweusáætlunin

### 8.1 Upphaf

Vorið 1983 hófst rannsókn Dan Olweus, prófessors við Háskólann í Björgvin, á svokölluðu Olweusáætlun sem byggði á hugmyndafræði hans sjálfs. Markmiðið með rannsókninni var að meta árangur áætlunar sem beindist að því að sporna gegn einelti. Kom í ljós að einelti í þeim 42 skólum í Björgvin þar sem áætlunin var í gangi dróst saman um 50%. Einnig virtist sem hægt væri að sjá fækkun þjófnaða og skemmdarverka í skólunum. Samskipti innan bekkjana urðu betri og nemendur voru almennt jákvæðari. Olweus hóf í kjölfarið rannsóknir á einelti í Svíþjóð og dró þá ályktun af þeim að um 15% grunnskólanemenda í Svíþjóð eða um 145.000 nemendur væru aðilar að einelti, annaðhvort sem þolendur eða gerendur. Hann ályktaði að ef allir grunnskólar í Svíþjóð tækju Olweusverkefnið í notkun eins og gert var í Björgvin væri líklegt að þolendum og gerendum myndi fækka um að minnsta kosti 75.000 (Olweus, 1991, 8 og 86–88).

Árið 2002 var Olweusáætluninni ýtt úr vör Íslandi. Með undirritun samnings um innleiðingu áætlunnar var einnig gerður samningur við Þorlák Helgason um að gerast framkvæmdastjóri hennar. Olweusáætlunin er samstarfsverkefni Menntamálaráðuneytisins, Kennarasambands Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Heimils og skóla og Námsgagnastofnunar (Ragnar Ólafsson, 2008, 4). Meira en 75 grunnskólar vítt og dreift um landið hafa tekið þátt í þessu verkefni og þeim fer ört fjölgandi (Laila Pétursdóttir, 2008, 20). Menntamálaráðuneytið hefur falið Námsgagnastofnun að fylgjast með verkefninu og gera mat á áætluninni, hvort hún hafi náð takmörkum sínum og náð að draga úr einelti. Það er einnig starf Námsgagnastofnunar að koma með tillögur að áframhaldandi vinnu gegn einelti í skólum (Ragnar Ólafsson, 2008, 4).

### 8.2 Markmið

Markmið Olweus með kerfinu var að koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun innan grunnskóla og utan, fyrirbyggja að það endurtæki sig, koma á betri tengslum milli nemenda og skapa þær aðstæður að allir nemendur geti umgengist hver annan (Olweus, 1991, 48 og 50). Í áætluninni er unnið ötullt starf með verkefnahópum og nemendum til þess að reyna að koma í veg fyrir einelti, auka meðvitund um afleiðingar eineltis og veita fræðslu um rétt viðbrögð (Laila Pétursdóttir, 2008, 20).



Áætlunin fer eftir nokkrum lykilreglum sem hafa verið útbúnað í því skyni að breyta og bæta hegðun nemenda. Í meginatriðum er aðalmálið að endurskipuleggja upp á nýtt alla nálgun og búa til gott og gilt umhverfi í skóla- og á heimili. Þær lykilreglur sem Olweus fer eftir eru:

- hlýlegur og jákvæður áhugi og alúð hinna fullorðnu
- ákveðnar reglur vegna óviðunandi atferlis
- stefnuföst beiting neikvæðra afleiðinga (refsinga), sem hvorki eru líkamlegar né óvinveittar, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið
- fullorðnir í skóla (og á heimili) virka sem yfirmenn við vissar aðstæður

(Olweus, 2005, 12)

Þegar innleiða á Olweusáætlunina í skóla er almennt reiknað með að það ferli taki tvö ár. Starfsfólk þarf að taka fullan þátt og hittast reglulega til að ræða hlutina. Til þess að innleiðingin sé heilsteypt verður að fara eftir reglum áætlunnar til fullnustu og til þess að tryggja að starfsfólk nýti sér áætlunina er sett upp gæðaeftirlit. Það felst í því að nemendur og starfsfólk sé virkt í ferlinu og þátttakendur frá upphafi. Eftirfylgni er nauðsynleg og þarf að vera virk til þess að hægt sé að greina óáskileg hegðun eins og einelti þegar það kemur upp (Olweus, 2005, 16).

### *8.3 Ferli til árangurs*

Um leið og skóli tekur þá ákvörðun að innleiða eineltisáætlun Olweus fer ákveðið ferli af stað. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í áætluninni og á hún að vera stór hluti af hinu venjulega skólastarfi hvort sem er innan veggja skólans eða utan. Til þess að áætlunin skili góðum árangri þurfa að vera góð samskipti innan veggja skólans og kennari þarf að hafa góð tök á starfinu innan bekkjarins, því bekkjastjórnun er mikilvægur hlekkur í baráttunni og á að stuðla að betri árangri áætlunarinnar (Olweus, 1991, 50).

Árangur hvers viðfangsefnis í skóla fer að mestu leyti eftir kennsluháttum og stjórnunarstíl. Góður bekkjarandi skapast ef kennari og nemendur virða hver annan og þá skapast aðstæður til hvetjandi vinnubragða meðal nemenda. Ef viðfangsefni eru hvetjandi og kennslan skemmtileg skapast ánægja meðal nemenda og vinnubrögð verða betri. Með því að skapa innri hvatningu sjá nemendur árangur af góðum vinnubrögðum sínum og kennari vinnur sér inn traust (Olweus, 2005, 8).

Til þess að búa til skapandi og áhugaverða kennslu innan veggja skólans er mikilvægt fyrir kennara að hafa í huga skilvirka nálgun til að ná virðingu og athygli nemenda. Kennarinn þarf að hafa áhuga á því sem hann kennir, vera vel undirbúinn og metnaðarfullur. Hrós er sterkt vopn í vopnabúri kennarans. Með því að læra að nota hrós og vita hvenær á að nota það og á réttum tímum er líklegra að það hafi áhrif á aðra nemendur í leiðinni. Kennari sem er þessum kostum gæddur og hefur hæfileika til þess að nota þá rétt og á réttum tíma er líklegri til að ná betri aga og bekkjarstjórnun í sínum bekk (Olweus, 2005, 51–52).

Þegar setja á af stað Olweusáætlunina er skipaður hópur þátttakenda sem sér um skipulag hennar. Þessi hópur samanstendur af hefðbundnum stýrihóp sem ber alla ábyrgð á henni í hverjum skóla fyrir sig. Skipaður er oddviti sem er umsjónarmaður með áætluninni. Hópstjórar eru tilteknir starfsmenn skólans sem stýra umræðuhópum en umræðuhóparnir eru handleiðsluhópar í hverjum skóla fyrir sig. Að lokum er skipaður verkefnisstjóri sem er leiðbeinandi og stjórnar öllu því faglega sem er gert í verkefninu (Olweus, 2005, 16).

Nýleg rannsókn sem gerð var á menningarlegum samanburði þátta sem snúa að einelti leiddi í ljós mikilvægi þess að eineltisáætlanir geri ráð fyrir vandamálum tengdum fjölskyldum gerenda eða þolenda. Rannsakendur benda á vísbendingar þess að foreldrar spili stórt hlutverk í öllum eineltismálum og að vandamál tengd heimilinu setji börn í meiri hættu á að lenda í einelti. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að allar eineltisáætlanir ættu að leggja meiri áherslu á afskipti og forvarnarstarf tengt fjölskyldunni. Þar kemur einnig fram að kynjamun má sjá í rannsóknnum og nálgast þarf gerendur og þolendur á öðruvísi hátt háð kyni (Hilton o.fl., 2010, 420).

Þegar litið er á Olweusáætlunina er ljóst innan hennar er ekki gert ráð fyrir afskiptum skólans og kennara af fjölskyldum barna. Samkvæmt áætluninni fer eineltisferlið af stað þegar barn er gripið við að leggja annað barn í einelti og þá er haft samband við foreldra og þeim tilkynnt um athæfið. Aftur á móti er það allt og sumt og skóli og kennari fara ekki lengra með málið í bili. Ekki er hægt að ganga úr skugga um að foreldri geri eitthvað í málinu og hugsanlegt er að það neiti því að barnið taki þátt í ofbeldinu og geri jafnvel ekkert til að refsa því. Þegar á heildina er litið þarf Olweusáætlunin að endurskoða og stuðla að betri tengslum við heimilin, eins og kom fram í rannsókn Hilton o.fl. (2010, 420), því oft og tíðum koma gerendur og þolendur frá heimilum þar sem foreldrar sýna andfélagslega hegðun (Sullivan, 2000 sjá Entenman o.fl., e.d., 354).

## 9. Árangur Olweusáætlunar

Á Íslandi voru gerðar samanburðarrannsóknir árin 2002 og 2003 í þeim 42 grunnskólum sem á þeim tíma tóku þátt í Olweusverkefninu. Rannsóknirnar byggðust á svörum rúmlega 8.000 nemenda í 4.–10. bekk og voru því umsvifsmiklar og ættu að sama skapi að gefa góða mynd af stöðu mála innan umræddra skóla. Fyrri rannsóknin var gerð haustið 2002, rétt áður en vinna skólanna samkvæmt Olweusáætluninni hófst, en sú seinni var framkvæmd nákvæmlega ári síðar eða haustið 2003. Niðurstöður rannsókna voru mjög athyglisverðar. Í könnuninni frá 2002 töldu 11,4% nemenda í 4.–7. bekk sig hafa orðið fyrir einelti (2–3 í mánuði eða oftar) og 7,7% nemenda í 8.–10. bekk svöruðu á sama máta. Í heildina var því hlutfall nemenda sem lentu í einelti 9,9% (Gegn einelti, e.d. a).

Þrátt fyrir að almenn ánægja sé með Olweusverkefnið virðast tölur sem unnar hafa verið úr öðrum rannsóknum benda til annars. Rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum (Bauer o.fl., 2007) um árangur Olweusáætlunar virtist gefa til kynna að árangur verkefnisins stæði í stað og skólar sem héldu sig við áætlunina væru ekki betur staddir en aðrir skólar. Rannsóknin sýndi misjafnlega mikið af jákvæðum svörum og þá sérstaklega þegar litið var til kyns, kynþáttar og aldurs. Samkvæmt henni virtist ekki vera mælanleg jákvæð útkoma til að hægt væri að mæla með því að kerfið væri notað í skólum. Þrátt fyrir það komust þeir að því að kerfið væri ekki ónothæft heldur þyrftu skólar að taka umhverfi, menningu og fjölskylduaðstæður inn í þegar móta á stefnu gegn einelti. Líta þarf á þá þætti samfélagsins sem geta haft áhrif. Ef nemendur skólans eru af margvíslegum kynþætti eða af mismunandi trú ber að hafa í huga að móta eineltisáætlun út frá þessum þáttum (Bauer o.fl., 272-273; Hilton o.fl., 2010, 420).

Hingað til virðast rannsóknir sýna að Olweusverkefnið hafi virkað vel í löndum sem hafa tekið kerfið upp. Það hefur dregið úr eineltistilfellum á heildina litið og kerfið hefur virkað betur en önnur kerfi (Ragnar Ólafsson o.fl., 2008, 3; Black og Jackson, 2007, 623). Þrátt fyrir það virtust mælingar á einelti í gagnasafni Olweusarverkefnisins hjá íslenskum skólum sem tóku þátt árin 2005–2007 standa í stað og einelti hafði ekki minnkað (Ragnar Ólafsson, 2008, 3). Þetta styður orð Katrínar Jakobsdóttur sem sagði í ræðu sinni á Alþingi að niðurstöður skýrslu Námsmatsstofnunar sem skilað var til ráðuneytisins í desember 2008 sýndu lítinn sem enginn mun á meðaltali á tíðni eineltis í Olweusskólum og öðrum (Katrín Jakobsdóttir, 2010). Svo virtist sem Olweusskólar drægju ekki eins mikið úr einelti og lagt var upp með í byrjun.

Þegar litið er á Olweusrannsóknir síðustu ára og svo þau borin saman við fyrrgreind orð Katrínar virðist vera töluverður munur þar á. Þorlákur Helgason (2010) greinir frá því að könnun sem gerð var í Olweusskólum 2009 sýni að verulega hafi dregið úr einelti. Árið 2007 var einelti í skólum landsins 8,4%, árið 2008 8,2% og árið 2009 var það komið niður í 7,7%. (Þorlákur H. Helgason, 2010). Þrátt fyrir það virðast skólar sem fylgja Olweusáætluninni ekki vera með lægri tíðni eineltis en aðrir skólar fyrir 2008.

Katrín Jakobsdóttir (2010) sagði í ræðu sinni óljóst hvað valdi þessu en velta má fyrir sér að á heildina litið sé Olweusverkefnið loksins farið að blómstra. Í úttektarskýrslum og viðtölum við þátttakendur og starfsmenn verkefnisins ríkir mikil ánægja með verkefnið. Stuðningurinn sem verkefnið fær frá framkvæmdastjóra þess er mikill og þannig stuðningur er mikilvægur til að viðhalda hvatningu og almennri þekkingu á verkefninu (Katrín Jakobsdóttir, 2010). Talið er að auknar kröfur til skólanna og starfsmanna skólans þess sé einnig hluti af jákvæðum niðurstöðum í eineltismálum hér landi (Þorlákur Helgason, 2010).

Nýjustu tölur um gott gengi Olweusáætlunarinnar er hægt að sjá með tölum sem komu úr Hagaskóla í Reykjavík. Í nóvember 2011 var lögð fyrir nemendur skólans könnun til þess að skoða tíðni eineltis og tóku 95,4% nemenda þátt. Tölurnar sýndu góðan árangur skólans í að draga úr einelti og hefur það dregist verulega saman á síðastliðnum árum. Í Hagaskóla hafa tölurnar yfir einelti aldrei verið lægri frá því að skólinn innleiddi Olweusáætlunina árið 2005. Samkvæmt starfsfólki skólans eru allir mjög ánægðir með útkomuna og virðist hún sýna að vinnan við verkefnið hafi skapað aukna vinsemd, virðingu og öryggi meðal nemenda skólans. Í Hagaskóla líða 93,4 % nemenda vel í skólanum (Hagaskóli, 2011).

## 10. Hlutverk kennara

Enginn vafi leikur á mikilvægi hlutverks kennara í uppeldi barna þegar á eineltismál er litið. Þegar litið er á Aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram að hlutverk grunnskólans sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Starfshættir eiga að mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum á þann hátt að nemendur njóti hæfileika sinna og finni til öryggis (Mennta- og menningamálaráðuneytið, 2011, 30). Í siðareglum kennara kemur meðal annars fram að kennurum ber að hafa hagsmuni nemanda að leiðarljósi og sýna sérhverjum einstaklingi áhuga, umhyggju og virðingu (Siðareglur kennara 2.gr.).

Einnig ber starfsfólki og skólastjórnendum að taka á öllum eineltismálum sem koma upp í skólanum. Meðal hlutverka starfsfólks er að sýna áverkni á öllum svæðum skólans og gefa sér nægan tíma í að hlusta á nemendur. Starfsfólk þarf að sýna ákveðni og vera skýrt í öllum viðbrögðum sem koma að einelti. Ef upp kemur grunur um eineltisatferli er fylgst með, gripið inn í á yfirvegaðan hátt og málin leyst (Sharp og Smith, 2000, 26).

Oft og á tíðum eru foreldrar og sérstaklega kennarar ekki nógu vakandi gagnvart augljósum einkennum eineltis. Í hollenskri rannsókn Fekkes o.fl. (2005, 81) kemur fram að rúmlega helmingur þeirra barna sem lenda í einelti segir kennurum sínum ekki frá því. Samkvæmt Smith (2006) eiga flest tilfelli eineltis sér stað „undir ratsjá“ foreldra og kennara. Svo virðist sem margir foreldrar og kennarar séu formyrkvaðir gagnvart merkjum þess að einelti eigi sér stað. Samkvæmt tölum er um það bil 10% bandarískra barna strítt eða þau lögð í einelti án þess að fullorðnir sjá til (Smith, 2006).

Þó að markmið hvers skóla hljóti að vera að útvega nemendum sínum sem besta kennslu og hlúa að hverjum einasta nemenda virðast kennarar oft eiga í erfiðleikum með að koma auga á einelti meðal nemanda. Svo virðist sem þetta vandamál sé nokkuð víðfeðmt því könnun meðal allra grunnskóla á Reykjavíkursvæðinu sem eru virkir í Olweusáætluninni leiddi í ljós að 26,9% nemanda í 4.–10. bekk sögðu næstum aldrei eða einstöku sinnum gripið inn í til að stöðva einelti. Aftur á móti leiddi könnun Þorláks (2010) einnig í ljós að hlutfall nemenda sem sagði starfsfólk grípa næstum alltaf eða eitthvað inn í til að stöðva einelti vera töluvert herra eða um helmingur.

Sama hvað tölurnar segja um inngríp kennara verður ekki of mikið gert úr mikilvægi þess að standa sig vel í starfi sem kennari. Eins og kom fram hér að framan er stanslaus vinna í gangi meðal kennara að efla traust nemenda og því meira sem nemandi treystir kennara

sínum, þeim mun líklegri er að hann komi fram og segi frá einelti. Það að nemendur séu ólíklegir til þess að láta kennara vita af einelti, eins og rannsókn Fekkes o.fl. (2005) leiddi í ljós, eykur áhersluna á mikilvægi þess að kennari sé látinn vita og hann finni leiðir til að leysa úr vandanum. Í mínum huga á kennari að vera miðpunkturinn í því ferli sem meðhöndlun eineltis er, því hann er líklegri til þess að ná til nemandans og heimilisins en skólayfirvöld.

## Lokaorð

Fleiri líða fyrir einelti í grunnskólum en flesta grunar og það er víðtækt vandamál sem snertir marga. Einelti hefur ekki bara slæmar afleiðingar í för með sér fyrir fórnarlambið sjálft, heldur einnig alla þá sem tengjast skólastarfinu og samfélagið allt. Samkvæmt rannsóknum verða um 20 til 30% grunnskólanemenda fyrir einelti (Gini og Pozzoli, 2009, 1064) og í ljós hefur komið að minna sé um einelti á norðurlöndunum en í Norðaustur- Evrópu (Due o.fl. (2005, 128). Nemendur sem verða fyrir einelti eða leggja aðra í einelti eru líklegri til þess að glíma við sálræn vandamál í skólanum eða seinna á lífsleiðinni. Þjáning barns sést mjög á oft á fari þess og því verður ekki hjá því komist að fullyrða að kennarar gegni mikilvægu hlutverki í uppeldi barna og verði því að vera færir í að taka eftir einelti og stöðva það í tæka tíð.

Einelti birtist í fjölmörgum myndum sem gerir það að verkum að börn geta sýnt mörg einkenni. Með tilkomu internetsins og þá ekki síst samfélagsmiðla á borð við Facebook hefur komið upp á yfirborðið ný tegund eineltis sem kallast rafrænt einelti. Svo virðist sem þessi tegund eineltis sé að færast í aukana með aukinni tækninotkun fólks og er fjöldi nettengdra heimila nú um 93% (Hagstofa Íslands, 2011). Auðveldara virðist vera að fá sínu fram í rafrænu einelti í skjóli tækninnar og utan ratsjár kennara. Börn virðast oft ekki treysta sér í að segja frá einelti eða jafnvel gera sér ekki grein fyrir því þegar það gerist rafrænt. Rannsóknir hafa leitt í ljós að rúmlega 11% barna verða fyrir rafrænu einelti og 4% þeirra eru gerendur (Kowalski og Limber, 2007, 26). Muninn á einelti og stríðni er erfitt að greina, sérstaklega þegar tveir drengir slást. Einelti og ærslafullur leikur er aldrei það sama en oft og tíðum getur verið erfitt fyrir kennara að greina þennan mun og setur kennara í erfiða stöðu ef það á að banna börnum að leika sér ef það að hindra þroska þess á einhvern hátt.

Eitt af markmiðum þessa verkefnis hefur verið að skoða sérstaklega gerendur í ljósi þess að þeir verða oftast en ekki útundan í allri umfjöllun um einelti. Áherslan er gjarnan á þolendur og afleiðingar eineltis fyrir þá. Gerendur hafa oftast en ekki fengið slæmt uppeldi og búa við erfiðar aðstæður. Foreldrar sýna þeim oft kulda og litlar tilfinningar og gerendur sýna greinileg áhrif þess með háttarni sínu. Svo virðist sem þeir hafi jákvæð viðhorf til ofbeldis og þeir eru einnig mjög líklegir til þess að lenda í fangelsi, byrja að nota fíkniefni, drekka áfengi og fleira. Gerendur eru tilfinningalega heftir sem gerir það að verkum að þeir sýna ekki samúð með fórnarlambinu og finnst óþægilegt þegar kennarar hrósa þeim. Þrátt fyrir það er mikilvægt fyrir kennara að vinna með gerendum og skapa jákvætt hugarfar hjá þeim eins og lögð er áhersla á í Olweusáætluninni.

Margir skólar á Íslandi hafa tekið upp Olweusáætlunina til að bregðast við einelti. Ef marka má niðurstöður rannsókna sem ætlað hefur verið að meta árangur áætlunarinnar margt sem bendir til að hún skili góðum árangri en hins vegar sýnir hún besta árangurinn á fyrsta ári innleiðingu. Þorlákur Helgason greinir frá því í Íslenskri rannsókn að dregið hefur úr einelti frá 2007 til 2009. Árið 2007 var tíðni eineltis 8,4% en 2009 7,7% (Þorlákur H. Helgason, 2010).

Það er að sama skapi ljóst að hún ein og sér dugar ekki til að útrýma vandanum. Olweusáætlunin leggur mikla áherslu á aðkomu foreldra að eineltismálum en spyrja má hvort þar sé ekki einmitt ákveðinn veikleiki í áætluninni og hvort nægjanlega rík áhersla sé lögð á að fylgja því eftir að foreldrar reyni í raun og veru að koma í veg fyrir ofbeldishegðun hjá barni sínu. Þegar eineltisatvik koma upp fer ferli af stað og foreldrar eru látnir vita. Það ferli getur hins vegar hæglega stöðvast hjá foreldrunum og ekki er alltaf kannað nægilega vel hvort foreldrar geri það sem raunverulega þarf til að stöðva ofbeldið. Foreldrar eru stundum ragir við að refska börnum sínum og geta neitað að horfast í augu við að barn sitt sé ofbeldishneigt. Þetta gerir hlutverk kennara og skólayfirvalda mikilvægara í baráttunni gegn einelti. Hlutverk kennara er að búa til eins gott skólaumhverfi og hægt er þar sem jafnrétti ríkir meðal nemenda. Kennarinn verður sífellt að vera á varðbergi varðandi eineltismál og honum ber að taka á öllum þeim málum sem koma upp og fylgja þeim eftir bestu getu.



## Heimildaskrá

- Agaston, P. W., Kowalski, R. og Limber, S. (2007). Students Perspectives on Cyber Bullying. *Journal of Adolescent Health, 41*, 59–60.
- Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009). Einelti og samskipti við fjölskyldu og vini meðal 6., 8. og 10. bekkinga. *Tímarit um menntarannsóknir, 6*, 15–26.
- Baldry, A. (2003). Bullying in Schools and Exposure to Domestic Violence. *Child Abuse & Neglect, 27*, 713–732.
- Bauer, N., Lozano, P. og Rivara, F. (2007). The Effectiveness of the Olweus Bullying Prevention Program in Public Middle Schools: A Controlled Trial. *Journal of Adolescent Health 40*, 266–274.
- Bauman, S. (2007, nóvember). *Cyberbullying: a Virtual Menece*. Gögn flutt á ráðstefnu gegn einelti. Melbourne, Ástralía.
- Bandura, A., Barbaranelli, C., Caprara, G. V. og Pastorelli, C. (1996). Mechanisms of moral disengagement in the exercise of moral agency. *Journal of Personality and Social Psychology, 71*, 364–374.
- Berger, K. S. (2007). Update on bullying at school: Science forgotten? *Developmental Review, 27*(1), 90–126.
- Berthold, K. A. og Hoover, J. H. (2000). Correlates of Bullying and Victimization among Intermediate Student in the Midwestern USA. *School Psychology International, 21*(1), 65–78.
- Black, S. A. og Jackson, E. (2007). Using Bullying Incident Density to Evaluate the Olweus Bullying Prevention Programme. *School Psychology International, 28*, 623–638.
- Bloom, D. (2008, 29. ágúst). Study finds bullies are the bullied too. *The Guardian*. Sótt 24. apríl 2012 af <http://www.guardian.co.uk/education/2008/aug/29/bullying.schools>
- Bosworth, K., Espelage, D. L. og Simon, T. R. (1999). Factors Associated with Bullying Behavior in Middle School Students. *The Journal of Early Adolescence, 19*, 341–362.

- Bowers, L., Smith, P. K. og Binney, V. (1992). Cohesion and power in the families of children involved in bully/victim problems. *Journal of Family Therapy*, 14, 371–387.
- Canadian Teacher's Federation (e.d.). Cyberconduct and cyberbullying policy. Sótt 24. apríl 2012 af <http://www.ctf-fce.ca/Documents/Priorities/EN/cyberbullying/FINALcyberbullying%20policy.pdf>
- Carpenter, D. og Ferguson, C.J. (e.d.). *Direct Bullying Versus Indirect Bullying*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://www.netplaces.com/dealing-with-bullies/types-of-bullying/direct-bullying-versus-indirect-bullying.htm>
- Cattaneo, A., Monasta, L., Stamatakis, E., Lioret, S., Castetbon, K., Frenken, F. o.fl. (2010). Overweight and obesity in infants and pre-school children in the European Union: a review of existing data. *Obesity reviews*, 11, 389–398.
- Clemson University. (2003, september). *Olweus bullying prevention program*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.clemson.edu/olweus/history.htm>
- Connolly, I. og O'Moore, M. (2003). Personality and family relations of children who bully. *Personality and Individual Differences*, 35, 559–567.
- Connolly, J., Craig, W.M., Henderson, K. og Pepler, D. (2001). Developmental context of peer harassment in early adolescence. The role of puberty and the peer group. Í Juvonen, J. og Graham, S. (ritstjórar). *Peer Harassment in School: The Plight of the Vulnerable and Victimized*. New York: Guilford, 242–261.
- Crick, N. (1996). The role of overt aggression, relational aggression, and prosocial behavior in the prediction of children's future social adjustment. *Child Development*, 67, 2317–2327.
- Dake, J., Price, J., Telljohann, S. (2009). The Nature and Extent of Bullying at School. *The Journal of School Health*, 73(5), 173–180.

- Due, P., Holstein, B. E., Lynch, J., Diderrichsen, F., Gabhain, S. N., Scheidt, P. og Currie, C. (2005). Bullying and symptoms among school-aged children: international comparative cross sectional study in 28 countries. *European Journal of Public Health*, 15(2), 128–132.
- Ekkert einhlítt svar til. (2011, 25, september). *Morgunblaðið*. Sótt 23. apríl af <http://www.ruv.is/frett/ekkert-einhlitt-svar-til>
- Enn gegn einelti. (2002, 11, október). *Morgunblaðið*. Sótt 23. apríl 2012 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/692208/>
- Entenman, J., Murnen, T. J. og Hendricks, C. (e.d.). *Victims, bullies, and bystanders in K – 3 literature*. Sótt 17. apríl 2012 af <http://staffweb.psdschools.org/talking/media/victimsbulliesandbystanders.pdf>
- Elliott, M. (1992). *Bullying: A practical guide to coping for schools*. Glasgow: Great Britain.
- Fekkes, M., Pijpers, F. I. M. og Verloove-Vanhorick, S P. (2005). Bullying: who does what, when and where? Involvement of children, teachers and parents in bullying behavior. *Health Education Research*, 20(1), 81–91.
- Fljótsdalshérað. (e.d.) *Eineltisáætlun Egilsstaðaskóla*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://www.fljotsdalsherad.is/egilsstadaskoli/images/skjol/eineltisstefan.pdf>
- Gegn einelti. (e.d. a). Eineltisrannsókn 2003: *Niðurstöður og samanburður við 2002*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://olweus.is/kannanir.cfm>
- Gegn einelti. (e.d. b). *Eineltiskönnun í febrúar 2005*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://olweus.is/kannanir.cfm>
- Gegn einelti (e.d. c). *Eineltiskönnunin staðfestir árangursríka vinnu í Olweusarskólunum. Einelti dregst saman um þriðjung*. Sótt 2. apríl 2012 af <http://olweus.is/frettir.cfm?i=173&s=1>
- Gini, G. (2006). Social cognition and moral cognition in bullying: What’s wrong? *Aggressive Behavior*, 32, 528–539.
- Gini, G. og Pozzulli, T. (2009). Association between bullying and psychosomatic problems: A meta-analysis. *Pediatrics*, 123, 1059–1065.

- Gini, G., Pozzoli, T. og Hauser, M. (2011). Bullies have enhanced moral competence to judge relative to victims, but lack moral compassion. *Personality and Individual Differences*, 50(5), 603–608.
- Guðjón Ólafsson. (1996). *Einelti*. Reykjavík: Ritroð uppeldis og menntunar.
- Hagstofa Íslands. (2011, september). *Tölu- og netnotkun einstaklinga 2011*. Sótt 19. Apríl 2012 af : <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=6054>
- Hagaskóli. (2011, nóvember). *Niðurstöður eineltiskönnunar- nóvember 2011*. Sótt 14. Apríl 2012 af <http://hagaskoli.is/um-hagaskola/utgefid-efni-2011-2012/>
- Haynie, D. L., Nansel, T., Eitel, P., Crump, A. D., Saylor, K., Yu, K. og Simons-Morton, B. (2001). Bullies, Victims, and Bully/Victims: Distinct Groups of At-Risk Youth. *Journal of Early Adolescence*, 21(1), 29–49.
- Helga Margrét Guðmundsdóttir. (e.d.). *Rafrænt einelti*. Sótt 2. apríl 2012 af [http://www.heimiliogskoli.is/media/files/1255963384/Helga -  
\\_Rafrænt\\_einelti\\_AB.pdf](http://www.heimiliogskoli.is/media/files/1255963384/Helga_-_Rafrænt_einelti_AB.pdf)
- Hilton, J. M., Angela-Cole, L. og Wakita, J. (2010). A Cross-Cultural Comparison of Factors Associated With School Bullying in Japan and the United States. *The Family Journal: Counseling and Therapy for Couples and Families*, 18(4), 413–422.
- Holmes-Longergan, H. og Holmes, J. (2004). The bully in the family: Family influences on bullying. Sanders, C. og Phye, D (ritstj.), *Bullying: Siblings Influences*. (bls. 127). London: Elsevier Academic press.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. (Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt). Reykjavík, Edda.
- Katrín Jakobsdóttir. (2010). *Forvarnir gegn einelti*. 138. Lögjafarþing. Sótt 1. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20100421T143312.html>

- Kaukiainen, A., Salmivalli, C., Lagerspetz, K., Tamminen, M., Vauras, M., Maki, H. og Poskiparta, E. (2002). Learning Difficulties, Social Intelligence, and Self-Concept: Connections to Bully-Victim Problems. *Scandinavian Journal of Psychology*, 43, 269–278.
- Kowalski, R. og Limber, S. (2007). Electronic bullying among middle school students. *Journal of Adolescent Health*, 41, (6), 22–30.
- Lee, K. C. (2003). School Bullying in Korea and Christian Educational Approach. *Asia Pacific Education Review*. 4(1), 75–83.
- Laila Pétursdóttir. (2008). Gerendur í eineltismálum. *Uppeldi*, 21(2), 20–24.
- Medscape. (e.d.). *Bullying or Teasing: When Do You Draw the Line?*. Sótt 14. apríl 2012 af <http://www.medscape.org/viewarticle/532599>
- Menntamálaráðuneytið. (1998, júlí). *Rannsókn á einelti í íslenskum grunnskólum*. Sótt 2. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/1592>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Námsmatstofnun. (e.d.). Umfang og eðli eineltis í grunnskólum. Sótt 22. apríl 2012 af <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/einelti.html>
- Nansel, T. R., Overpeck, M., Pilla, R. S., Ruan, W. J., Simons-Morton, B., Schedt, P. (2001). Bullying behaviors among US youth: prevalence and association with psychosocial adjustment. *Journal of the American Medical Association* 285, 2094–2100
- Perkins, H. W., Perkins, J. M. og Craig, D. W. (2009). Youth Health Safety: Where Does Bullying Take Place Among Adolescents When They Are at School? Sótt 23. apríl 2012 af <http://www.youthhealthsafety.org/WhereBullyingAPHA09Handouts.pdf>
- Olweus, D. (1980), Familial and temperamental determinants of aggressive behaviour in adolescent boys:a causal analysis. *Developmental Psychology*, 16, 644–660.

- Olweus, D. (1991) *Mobbning i skolan. Vad vet vi och vad kan vi göra*. Svíþjóð, Liber Utbildning AB.
- Olweus, D. (1993). *Bullying at school. What we know and what we can do*. Great Britain: Blackwell.
- Olweus, D. (2005). *Olweusaráætlunin gegn einelti og andfélagslegu atferli*. Handbók (2. útgáfa). (Upphafleg þýðing: Mattías Kristiansen) Þorlákur H. Helgason staðfærði. Olweusarverkefnið gegn einelti: Reykjavík.
- Ragnar F. Ólafsson. (2008). *Mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson, Júlíus K. Björnsson. (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Regnbogabörn. (e.d. a). *Áhrif eineltis*. Sótt 15.mars 2012 af <http://www.regnbogaborn.is/einelti.asp?file=14052009232016>
- Rigby, K. (1993). School childrens perceptions og their family and parents as a function of peer relations. *The Journal of Genetic Psychology*, 154(4), 501–513.
- Rigby, K. (1994). Psychosocial functioning in families of Australian adolescent schoolchildren involved in bully/victim problems. *Journal of Family Therapy*, 16, 173–187.
- Rigby, K., & Slee, P. T. (1993). The relationship of Eysenck's personality factors and self esteem to bully-victim behaviour in Australlian schoolboys. *Personality and Individual Differences*, 14(2), 371–373.
- Robers, S., Zhang, J., og Truman, J. (2010). *Indicators of School Crime and Safety: 2010*. National Center for Education Statistics, U.S. Department of Education, og Bureau of Justice Statistics, Office of Justice Programs, U.S Department of Justice. Washington, D.C.

Rothon, C., Head, J., Klineberg, E. og Stansfeld, S. (2011). Can social support protect bullied adolescents from adverse outcomes? A prospective study on the effects of bullying on the educational achievement and mental health of adolescents at secondary schools in East London. *Journal of Adolescence*, 34, 579–588.

SAFT. (e.d.). *Rafrænt einelti*. Sótt 2. apríl 2012 af <http://saft.is/rafraenteinelti/>

Scheithauser, H., Hayer, T., Petermann, F. og Jugert, G. (2006). Physical, Verbal, and Relational Forms of Bullying Among German Students: Age Trends, Gender Differences, and Correlates. *Aggressive Behavior*, 32, 261–275.

Sharp, S. og Smith, P K. (2000). *Gegn einelti. Handbók fyrir skóla* (Ingibjörg Markúsdóttir þýddi). Reykjavík: Æskan eh.f. (upphaflega gefið út 1994).

*Siðareglur kennara*. 2.gr. Sótt 22. apríl 2012 af <http://ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=14794>

Sijtsema, J. J., Veenstra, R., Lindenberg, S. og Samlivalli, C. (2009). Empirical test of bullies status goals: Assessing direct goals, aggression, and prestige. *Aggressive Behavior*, 34, 57–67.

Síðuskóli. (e.d.) *Einelti: Aðgerðaráætlun Síðuskóla*. Sótt 16. apríl 2012 af [http://www.siduskoli.is/static/files/pdf/Eineltisaaetlun\\_Siduskola.pdf](http://www.siduskoli.is/static/files/pdf/Eineltisaaetlun_Siduskola.pdf)

Smith, P. K., Cowie, H., Ragnar, F. Ólafsson og Liefvooghe, A. P. (2002). Definitions of Bullying: A Comparison of Terms Used, and Age and Gender Differences, in a Fourteen-Country International Comparison. *Child Development*, 73(4), 1119–1133.

Smith, P. K., Mahdavi, J., Carvalho, M., Fisher, S., Russel, S. og Tippett, N. (2008). Cyberbullying: its nature and impact in secondary school pupils. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49(4), 376–385.

Smith, S. (2006). *Boston College Chronicle: Extra Credit*. Sótt 14. apríl 2012 af [http://www.bc.edu/bc\\_org/rvp/pubaf/chronicle/v10/n15/extracredit.html](http://www.bc.edu/bc_org/rvp/pubaf/chronicle/v10/n15/extracredit.html)

Sólveig Dröfn Davíðsdóttir. (e.d.). *Hvað er einelti?* Sótt 10.03.12 af: <http://persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=67&pid=23>

- Stephenson, P og Smith, D. (1987). Anatomy of a playground bully. *Education, 18* (September) (1987), 236–237.
- Sullivan, K. (2000). *The anti-bullying handbook*. New York: Oxford University Press.
- Toma, T. (2007). Fordómar og starf gegn fordómum. Í *Fjölmennning á Íslandi*. (ritst. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa S. Jónsdóttir og Þorkell Bernharðsson), (bls. 57–73. Reykjavík, Rannsóknarstofa í fjölmenningafræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Vanderbilt, D og Augustyn, M. (2010). The effect of bullying. *Paediatrics and child health, 20*, 315–320.
- van der Wal, M. F., de Wit, A.M. og Hirasing, R. A. (2003). Psychosocial Health Among Young Victims and Offenders of Direct and Indirect Bullying. *Pediatrics, 111*, 1312–1318.
- Veenstra, R., Lindenberg, S., Oldehinkel, A. J., De Winter, A. F. Verhulst, F. C. o.fl. (2005). Bullying and victimization in elementary schools: A comparison of bullies, victims, bully/victims, and uninvolved preadolescents. *Developmental Psychology, 41*, 672–682.
- Vinnueftirlitið. (2004). *Reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað*. (3. grein). Sótt 14. apríl 2012 af [http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log\\_og\\_reglur/reglur\\_og\\_reglugerdir\\_sem\\_heyra\\_undir\\_vinnuverndarlog/1000\\_2004\\_reglugerd\\_um\\_adgerdir\\_gegn\\_einelti\\_a\\_vinnustad.pdf](http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/log_og_reglur/reglur_og_reglugerdir_sem_heyra_undir_vinnuverndarlog/1000_2004_reglugerd_um_adgerdir_gegn_einelti_a_vinnustad.pdf)
- Þorlákur H. Helgason. (2009). *Einelti. Góð ráð til foreldra*. Reykjavík. Heimili og skóli.
- Þorlákur H. Helgason. (2010). *Niðurstöður úr eineltiskönnun 2010. Olweusarverkefnið*. Óprentað. Selfoss.



